



Ársskýrsla

2015

STAÐIR
LÍFEYRISJÓÐUR



Ábyrgðarmaður: Ólafur Sigurðsson

Umsjón útgáfu: Athygli/Atli Rúnar Halldórsson

Hönnun og umbrot: Effekt/Þórhallur Kristjánsson

Ljósmyndir: Eitt stopp/Hreinn Magnússon

Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.

Á forsíðumyndinni eru nemar í matreiðslu við störf í kennslueldhúsi matvælasviðs Menntaskólans í Kópavogi (MK). Þeir eru frá vinstri (vinnustaðir þeirra í sviga): Ólafur Theodór Eggertsson (Nauthóll), Fannar Emil Jónsson – út við gluggann (Vox), Jón Guðni Þórarinnsson – með pönnuna (Perlan), Davíð Örn Kristínarson (Fiskfélagið).

Við bregðum að þessu sinni upp svipmyndum í ársskýrslunni úr námi og faglegrri þjálfun nema í nokkrum starfsgreinum baklands Stafa lífeyrissjóðs. Við sögu kemur nýliðafræðsla Samskipa, nám verðandi kokka og þjóna í MK og verðandi rafeindavirkja í Rafiðnaðarskólanum. Myndirnar er að finna á bls. 9, 13, 18, 21, 23, 25, 27, 28, 29, 31, 41, 42, 45 og 87.

Útskriftarnemar í matreiðslu og framreiðslu voru frá hádegi 28. apríl önnum kafnir á matvælasviði MK við að undirbúa mikla veislu fyrir boðsgesti þá um kvöldið. Verkefnið var liður í útskriftinni og taugarnar voru þandar, sem eðlilegt er þegar mikið liggur við! Við fylgumst með undirbúningi í sal og eldhúsi og vorum á hliðarlínu í veislunni miklu um kvöldið. Prófdómarar voru ánægðir með frammistöðu nemanna og gestirnir brostu breitt.

Fleiri myndir er að finna á stafir.is (undir Fólk og fyrirtæki Stafa). Þar eru líka myndir úr heimsóknnum á vinnustöðum sjóðfélaga Stafa allt frá árinu 2008, þegar við fórum að „skrá samtímasögu“ baklands lífeyrissjóðsins á þennan hátt í ársskýrslum hans.

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	4	Lífeyrir	30
Stjórn Stafa lífeyrissjóðs 2015	6	Eftirlaunalífeyrir.....	30
Aðalmenn	6	Örorkulífeyrir	30
Varamenn	6	Makalífeyrir	30
Endurskoðunarnefnd	7	Barnalífeyrir	31
Starfsmenn Stafa lífeyrissjóðs	7	Séreignardeild	31
Skipurit Stafa lífeyrissjóðs	8	Heimild til að lækka höfuðstól	
Rekstur sjóðsins	10	láns með séreignarsparnaði	31
Iðgjöld	11	Virkt starfsendurhæfingarsjóður	31
Launagreiðendur	12	Tryggingafræðileg staða	32
Áhrif góðra stjórnarháttanna		Sagan í hnotskurn.....	32
og eigendastefna Stafa.....	14	Réttindaákvæði.....	32
Þróun markaða og eignaflokka 2015.....	15	Helstu gögn sem stuðst er við	33
Innlend skuldabréf	15	Reikniforsendur og reikniaðferðir	34
Verðtryggð bréf	15	Niðurstöður	35
Óverðtryggð bréf.....	15	Breyting á stöðu Stafa frá lokum árs 2014	35
Vextir Seðlabanka Íslands og verðbólga	16	Áhættustefna.....	36
Innlend hlutabréf	17	Áhættumat	36
Erlendir markaðir.....	19	Samspil fjárfestingarstefnu og áhættustefnu	36
Sjóðfélagalán	22	Skilgreining á áhættu	36
Endurskoðun reglna um lánveitingar	22	Skipulag áhættustýringar	37
Ný sjóðfélagalán	22	Áhættuflokkar	37
Staða, vanskil og uppgreiðsla sjóðfélagalána	22	Fjárhagsleg áhætta	37
Ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á sjóðfélagalán		Vaxtaáhætta.....	37
hjá Stöfum og úrræði vegna greiðsluerfiðleika	23	Markaðsáhætta	37
Fjárfestingarstefna	24	Gjaldmiðlaáhætta.....	38
Forsendur um val á eignaflokkum	24	Verðbólguáhætta	38
Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar	24	Ósamræmisáhætta	38
Lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði	24	Lausafjáraáhætta	38
Eignasamsetning og núverandi staða	24	Mótaðilaáhætta.....	39
Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu	24	Lífeyrstryggingaráhætta (skuldbindingaáhætta)	39
Önnur atriði	25	Rekstraráhætta	39
Fjárfestingarstefna séreignardeildar.....	26	Ávöxtun og skipting eignasafns	
Leið 1 - bundinn innlánsreikningur.....	26	Stafa lífeyrissjóðs	40
Leið 2 - skuldabréf.....	26	Samskipta- og siðareglur.....	42
Leið 3 - hlutabréf og skuldabréf.....	27	Lög og reglur	43
Framtíðargreiðsluflæði séreignardeilda.....	28	Sjóðurinn hefur einnig sett sjálfum sér	
Önnur atriði	28	m.a. eftirfarandi reglur:	42
Fjárfestingarstefna séreignardeilda.....	28	Regluvarsla	44
Önnur atriði	28	Hlutverk regluvarðar er m.a. eftirfarandi:	44
		Ársreikningur 2015.....	46



Ávarp stjórnarformanns

Ágætu sjóðfélagar.

Afkoma Stafa lífeyrissjóðs var með miklum ágætum á árinu 2015 og ávöxtun eigna með því besta sem gerðist meðal lífeyrissjóða landsins. Vert er að nefna þetta strax því stundum hefur ávöxtunin eftir efnahagshrunið verið undir meðaltali lífeyrissjóða, sem skýrðist fyrst og fremst af eignasamsetningu Stafa.

Af sömu ástæðu mátti samt ætla að ávöxtunin myndi sveiflast vel upp á við þegar efnahagskerfið kæmist í eðlilegt ástand á nýjan leik. Það gekk eftir.

Góð rekstrarafkoma bætir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og rekstrar-kostnaðurinn lækkar hlutfallslega þrátt fyrir að sjóðurinn stækki og umsvif hans aukist.

Óþarft er að nefna efnahagshrunið hér frekar til sögu. Hrunið er loksins að baki í starfi sjóðsins og tilheyrir sögulegri fortíð. Við urðum ár eftir ár að spegla okkur í afleiðingum þessara fjármála- og efnahagslegu hamfara sem riðu yfir og höfðu lamandi og letjandi áhrif á mestallt gangverkið í samfélaginu, þar á meðal starfsemi lífeyrissjóðsins okkar. Starfsárið 2015 var hins vegar það fyrsta frá 2008 þar sem afleiðingar hrunsins sáust nánast einungis í baksýnisspeglinum. Stjórn, stjórnendur og

starfsmenn sjóðsins gátu einbeitt sér að eðlilegri starfsemi í nútíð og til framtíðar með tilheyrandi umræðum og innra starfi. Vissulega var þar náð langþráðum áfanga.

Liðið starfsár var sjálfum mér sérlega lærdómsríkt og ánægjulegt í starfi sjóðsins. Ég hef setið í stjórn Stafa frá 2011 en var kjörinn stjórnarformaður á aðalfundi 2015 og hef öðrum þræði litið á fyrsta formennskuárið sem lærdóms- og þróunarferli. Stjórnarseta í lífeyrissjóði er ábyrgðarmikið og krefjandi verkefni og enn frekar á það við um formennskuhlutverkið. Eðlilega hef ég átt nánara samstarf við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn sjóðsins en stjórnarmenn gera að jafnaði. Þannig skynja ég enn betur en áður hve öflug liðsheildin er hjá Stöfum og mikil fagmennska ríkjandi. Árangurinn er eftir því.

Stærsta áskorun lífeyrissjóðanna nú er að bregðast við lengri meðalævi landsmanna og laga kerfið að því. Auðvitað er hið besta mál að við lifum lengur en lífeyrissjóðir verða að gera ráðstafanir til að þeir standi undir lífeyrisskuldbindingum sínum í ljósi þess að öldruðum fjölgar hlutfallslega en vinnandi fólki fækkar.

Frá 1986 til 1990 lifðu íslenskar konur að jafnaði í 80 ár en karlar í um 75 ár. Núna geta karlar búist við að verða áttæðir en konur 84 ára. Engin teikn eru á lofti um breytingu, við bara eldumst!

Tryggingastærðfræðingar hafa hingað til reiknað út meðalævi þjóðarinnar og gefið út nýjar tölur þar að lútandi á nokkurra ára fresti. Nú leggja þeir til að meðalævilíkur hvers árgangs verði reiknaðar út og tryggingafræðileg staða sjóðanna metin á þeim grunni. Staða sjóðanna versnar óhjákvæmilega við breytinguna vegna þess að með nýju aðferðinni gætir áhrifa yngri kynslóða mun meira í heildarmati á tryggingafræðilegri stöðu og allt bendir til þess að yngra fólk lifi lengur en þeir eldri.

Með nýju matsaðferðinni verður staðan „réttari“ en nú er, þ.e. að eignir sjóðanna á hverjum tíma eiga að duga fyrir lífeyrisskuldbindingum til framtíðar. Kerfið verður hins vegar að taka á sig ákveðið „högg“ til að koma breytingunni á og þá er um þrjár meginleiðir að velja eða blöndu þeirra til að bregðast við: að lengja starfsævina í skrefum (hækka eftirlaunaaldur), hækka iðgjöld í lífeyrissjóði eða skerða lífeyrisskuldbindingu.

Samtök launafólks og atvinnurekenda á almennum markaði hafa komist að samkomulagi um hækkun mótframlags atvinnurekenda til lífeyrissjóða. Líklegt verður að teljast að eftirlaunaaldurinn hækki í áföngum og að eitthvert form af sveigjanlegu eftirlaunakerfi verði tekið í gagnid áður en langt um líður.

Ótvírætt er að stórir og öflugir lífeyrissjóðir eru jafnan betur í stakk búnir en þeir minni til að tryggja jafna ávöxtun eigna, hlutfallslega lægri rekstrarkostnað og enn betri áhættudreifingu. Í stærri sjóðum er hagsmunum sjóðfélaga því á ýmsan hátt betur borgið og í krafti stærðar rísa lífeyrissjóðir frekar undir sífellt ríkari kröfum sem til starfsemi þeirra eru gerðar.

Lífeyrissjóðum hefur fækkað mjög á undanföllum árum og áratugum og ætla má að þeim fækki enn frekar um leið og þeir stækka sem rekstrareiningar. Nær-tækt er að nefna hér að stjórnir Stafa lífeyrissjóðs og Sameinaða lífeyrissjóðsins lýstu sameiginlega nú á vordögum yfir vilja til að kanna forsendur fyrir sameiningu sjóðanna tveggja. Tíminn leiðir svo í ljós hver niðurstaðan verður og hvenær hún liggur fyrir.

Á sama tíma og bregðast þarf við þeirri staðreynd að þjóðin eldist er rætt um að jafna lífeyrisréttindi landsmanna. Það er meira en lítið viðfangsefni út af fyrir sig, enda mikið bil sem brúa þarf á milli réttinda á almennum vinnumarkaði annars vegar og á opinberum markaði hins vegar.

Í svokölluðum SALEK-samningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá janúar 2016, þar sem kveðið er á um hækkun mótframlags í lífeyrissjóði, er fyrsti vísir að samkomulagi um jöfnun lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðinum. Orð eru til alls fyrst en mikið vatn á eftir að renna til sjávar áður en því marki verður náð, ef marka má viðhorf sem heyrast úr röðum opinberra starfsmanna og samtaka þeirra. Spyrjum því að leikslokum.

Afar brýnt er að heildarsamtök launamanna og atvinnurekenda, forystusveitir lífeyrissjóða og stjórnvöld nái viðtæku samkomulagi um nauðsynlegar breytingar í lífeyrissjóðakerfinu, hverjar svo sem þær breytingar verða að lokum.

Sömuleiðis er afar brýnt að pólitísk sátt náist um að afnema fráleit skerðingar ákvæði Tryggingarstofnunar. Aldraðir eiga ekki að þurfa að þola að greiðslur Tryggingarstofnunar séu stórlega skertar, einmitt þegar þeir vilja njóta ávaxtanna af því að hafa lagt hluta launa sinna í lífeyrissjóði alla ævi og greitt jafnframt iðgjald sitt til almennatryggingakerfisins, oft af lágum launum. Skerðingarsamspil lífeyrissjóða og tryggingarkerfanna er óþolandi.

Stafir hafa markað sér skýra eigendastefnu og starfa markvisst í anda hennar gagnvart félögum sem sjóðurinn fjárfestir í. Þetta birtist með ýmsum hætti. Sjóðurinn sendir fulltrúa sína á aðalfundi félaganna og kemur sjónarmiðum sínum á framfæri þar ef svo ber undir. Þannig hefur hann áhrif en kemur ekki að daglegum rekstri félaganna.

Þá staðreynd Stafir reglubundið stjórnarhætti í félögum þar sem sjóðurinn er í eigendahópi og hefur til þess 20 þátta matsferli. Hverjum þætti er gefin einkunn og niðurstaðan er vegin meðaleinkunn fyrir hvert félag. Hvernig er upplýsingamiðlun félagsins? Er reksturinn gegnsær? Hvernig er launafyrirkomulag stjórnenda? Þetta eru dæmi um matsliði á „skorkortinu“. Þá er lítið til hluthafafunda, stjórnarskipunar, stjórnarháttar, starfskjarastefnu og samfélagslegrar ábyrgðar.

Ég er stoltur af eigendastefnu Stafa og hvernig hún er útfærð og framkvæmd. Svona beitum við okkur og komum skilaboðum okkar á framfæri.

Matsferlið er tæki til aðhalds og hvatning til að bæta sig. Hins vegar er umhugsunarefni að það skuli vera undir hverjum

og einum lífeyrissjóði komið hvort hann meti, og þá hvernig, félög sem hann á að hluta eða öllu leyti. Væri ekki ráð að lífeyrissjóðir tækju upp samræmdar verklagsreglur í þeim efnum?

Í viðtali í fréttabréfi Stafa í fyrrahaust kom fram að ég vildi gjarnan skilja eftir mig þau „fingraför“ sem formaður sjóðsins að hafa „stuðlað að því að virkja orku sem býr í kjörmanahópi launafólks í Stöfum.“ Ég vísaði til þess að kjörmenn væru hvað virkastir sjóðfélaga í umræðu og skoðunum og nýta mætti betur aflið, sem í hópnum byggji, en einungis til að kjósa menn í stjórn í aðdraganda ársfunda.

Ég hef styrkst enn frekar í þeirri trú að styrkja beri þetta virkasta bakland okkar og þar með sjálft lýðræðið í Stöfum. Stjórn sjóðsins rýnir nú reglur um kjör og kjörmenn í því skyni að rýmka þær. Vonandi verður hægt að starfa eftir nýjum kjörreglum í aðdraganda aðalfundarins 2017.

Árið 2015 var gjöfult og gott í starfsemi Stafa lífeyrissjóðs og fyrstu mánuðir ársins 2016 lofa góðu. Ég er ánægður með stjórnarhætti sjóðsins, áhættustýringin er vönduð, stjórnin samhent í verkum sínum og vinna stjórnarinnar og endurskoðunarnefndar sjóðsins er markviss og traust.

Ég þakka meðstjórnendum mínum í Stöfum samstarfið á liðnu starfsári. Sömuleiðis þakka ég framkvæmdastjóra, öðru starfsfólki sjóðsins og sjóðfélögum öllum fyrir samskipti og samstarf sem sannarlega skilaði góðum árangri.



Jakob Tryggvason,
stjórnarformaður Stafa lífeyrissjóðs



Fremri röð frá vinstri: **Jakob Tryggvason, Viðar Örn Traustason, Davíð Hafsteinsson.** Aftari röð frá vinstri: **Anna Guðný Aradóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir, Svavar Jón Bjarnason, Drífa Sigurðardóttir.**

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs 2015

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs er skipuð átta fulltrúum sjóðfélaga og samtaka atvinnurekenda. Skulu fjórir kjörnir af sjóðfélögum og fjórir af samtökum atvinnurekenda. Varamenn eru fjórir og skipting einnig til helminga þar. Hjá Stöfum er starfrækt kjörnefnd er annast framkvæmd kosninga til stjórnar og úrskurðar í ágreiningsmálum.

Aðalmenn

Jakob Tryggvason formaður, í stjórn frá maí 2011.
 Anna Guðný Aradóttir varaformaður, í stjórn frá maí 2012.
 Davíð Hafsteinsson, í stjórn frá maí 2012.
 Drífa Sigurðardóttir, í stjórn frá október 2013.
 Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir, í stjórn frá október 2013.
 Ingibjörg Ólafsdóttir, í stjórn frá maí 2012.
 Svavar Jón Bjarnason, í stjórn frá maí 2015.
 Viðar Örn Traustason, í stjórn frá maí 2011.

Varamenn

Álfheiður M. Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Brynjar Steinarsson og Sigurður Sigfússon.

Fulltrúar launamanna eru kjörnir á sérstökum kjörfundi þar sem kjörnir fulltrúar hafa atkvæðisrétt. Öllum launamönnum og sjóðfélögum Stafa er frjálst að bjóða sig fram í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af framkvæmdastjórn Sam-

taka atvinnulífsins, þar af einn að höfðu samráði við Samtök rafverktaka, einn að höfðu samráði við Samtök ferðaþjónustunnar og einn skal koma úr röðum aðildarfyrtækja sjóðsins. Sá fjórði skal tilnefndur án sérstaks samráðs og það sama gildir um varamenn.

Stjórn Stafa hittist jafnan mánaðarlega en oftar ef þurfa þykir. Á árinu 2015 voru 16 stjórnarfundir hjá Stöfum auk ársfundar.

Stjórn ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglugerðir settar samkvæmt lögunum og samþykktum sjóðsins. Stjórn lífeyrissjóðs skal hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsreglur og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi.

Stafir hafa starfrækt endurskoðunarnefnd frá 2012. Á árinu 2015 voru 7 fundir í endurskoðunarnefnd.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og skipuð í samræmi við ákvæði 108. greinar laga nr. 3/2006 um ársreikninga: „Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd.“ Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar.

Á árinu 2015 var endurskoðunarnefnd skipuð Viðari Erni Traustasyni stjórnarmanni, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Rúnari Bachmann og Maríu Sólbergadóttur.



Sitjandi frá vinstri: **Sjöfn María Guðmundsdóttir**, **Íris Anna Skúladóttir**, **Ásta Friðbjörg Kristjónsdóttir** og **Elsa Dóra Grétarsdóttir**.
 Standandi frá vinstri: **Ólafur Sigurðsson**, **Eyrún Einarsdóttir**, **Soffía Gunnarsdóttir**, **Þóra Erlingsdóttir**, **Sigrún Þóra Björnsdóttir**,
Anna María Hannesdóttir, **Jóna Guðrún Ólafsdóttir** og **Óskar Örn Ágústsson**.

Starfsmenn Stafa lífeyrissjóðs

Stafir hafa á að skipa menntuðu og hæfu starfsfólki með mikla starfsreynslu. Hjá sjóðnum starfa 12 manns en stöðugildi árið áður voru 13.


Anna María Hannesdóttir innheimtufulltrúi,
 Ásta Friðbjörg Kristjónsdóttir iðgjaldaskráning,
 Elsa Dóra Grétarsdóttir lífeyrismál,
 Eyrún Einarsdóttir forstöðumaður áhættustýringar,
 Íris Anna Skúladóttir skrifstofustjóri,
 Jóna Guðrún Ólafsdóttir aðalbókari,

Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri,
 Óskar Örn Ágústsson fjármálastjóri,
 Sigrún Þóra Björnsdóttir lífeyrismál,
 Sjöfn María Guðmundsdóttir lánasvið,
 Soffía Gunnarsdóttir sjóðstjóri,
 Þóra Erlingsdóttir iðgjaldaskráning.

Skipurit Stafa lífeyrissjóðs

Á stjórnarfundum 30. janúar 2007 var samþykkt skipurit fyrir Staf lífeyrissjóð. Samkvæmt því er starfsemi skipt í þrjú meginvið: iðgjaldasvið, fjárfestingasvið og lífeyrissvið. Skiptingin er í samræmi við 1. málsgrein 20. greinar laga um lífeyrissjóði. Þar segir: „Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris.“ Skipuritinu var breytt á stjórnarfundum þann 13. maí 2013.

Starfsreglur stjórnar Stafa voru samþykktar á stjórnarfundum 20. júlí 2006 og endurskoðaðar 28. ágúst 2007, 30. júní 2009 og 26. júní 2014. Samkvæmt 5. tölulið 3. málsgreinar 29. greinar laga um lífeyrissjóði hefur stjórn sett reglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og hafa reglurnar verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Starfslýsingar eru hluti skipulagsins og hafa verið gerðar fyrir alla starfsmenn. Starfslýsingar hafa verið aðgreindar ráðningarsamningum og er vísað í þær í ráðningarsamningum. Fyrir þá þætti starfseminnar, sem hafa verið útvistaðir, hafa verið gerðir samningar þar sem ábyrgð er skilgreind.





Andrés Guðbjörn Andrésson á lyftara í vöruhúsi Samskipa

Rekstur sjóðsins

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði Stafa er skipt samkvæmt reglum FME nr. 55/2000 í fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað, eftir því hvort hann fellur til vegna fjárfestinga sjóðsins eða rekstrar hans. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sjóðsins nam alls 286,6 milljónum króna á árinu 2015 og var 0,4% lægri en árið á undan mælt á föstu verðlagi.

Aðkeypt þjónusta hefur lækkað umtalsvert undanfarin ár. Lækkun 2015 nam 3,5% frá fyrra ári og hefur lækkað um 24,4% frá árinu 2012.

Á sama tíma hefur lögfræðikostnaður lækkað um 60% eða úr 22,7 milljónum króna árið 2012 í 9,2 milljónir í fyrra. Árin 2011 og 2012 voru mjög kostnaðarsöm að þessu leyti.

Tölvuþjónusta nam 15,4% af kostnaði sjóðsins árið 2015 og hækkaði um 10% frá fyrra ári.

Stöðugildi innan sjóðsins á árinu 2015 voru 11,9 samanborið við 13,1 árið á undan og 14,25 árið 2013. Launakostnaður nam 58,9% af rekstrarkostnaði ársins 2015 en 55,6% árið áður.

Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,11% árið 2015 en 0,13% árið áður.

Hlutfall Fjármálaeftirlitsins og umboðsmanns skuldara af rekstrarkostnaði sjóðsins nam 5,2% í fyrra. Aðkeypt þjónusta nam 16,6%.

	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Laun	136.390	141.716	128.514	158.694	149.926	156.387
Stjórnarlausn	6.399	6.882	6.994	6.959	9.955	11.780
Tölvukostnaður	33.015	32.306	37.560	41.020	40.116	44.248
Fjármálaeftirlitið	8.442	9.880	9.834	10.817	11.610	12.412
Umboðsmaður skuldara	0	5.625	5.497	6.227	3.559	2.457
Aðkeypt þjónusta alls	38.136	48.367	63.096	62.208	49.401	47.685
Tryggingafræðingar	1.928	2.059	2.244	2.411	2.666	3.792
Endurskoðun	11.226	10.941	11.461	12.495	7.023	9.771
Innra eftirlit	5.638	4.092	2.629	9.417	3.361	2.627
Ráðgjöf	1.327	4.151	15.986	11.714	6.652	4.792
Lögfræðingar	8.619	19.662	22.671	16.449	10.931	9.203
Kerfisfræðingar	1.082	1.518	1.766	2.265	4.133	3.761
Aðrir sérfræðingar	605	1.464	150	56	1.520	0
Ýmiss aðkeypt vinna önnur	7.711	4.480	6.189	7.401	13.116	13.740
Annar kostnaður	17.994	23.283	23.703	26.664	23.082	11.608
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	240.375	268.061	275.199	312.588	287.649	286.578

Fjárhæðir eru í þúsundum króna, færðar til verðlags 2015



Lífeyrisgáttin

Lífeyrissjóðir landsins opnuðu í október 2013 aðgang að Lífeyrisgáttinni, nýrri leið sjóðfélaga til að fá í einu lagi upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum. Þetta mæltist strax vel fyrir og fjöldi fólks hefur notað Lífeyrisgáttina til að safna upplýsingum um lífeyrisréttindi sín.

Iðgjöld

Lágmarksíðgjald til sjóðsins skal vera í samræmi við 2. grein laga nr. 129/1997 eða hærra, kveði samningar á um slíkt. Sé um launamann að ræða, skiptist iðgjaldið þannig að hann greiðir 4% af iðgjaldsstofni hið minnsta og launagreiðandi að lágmarki 8%. Ýmsir samningar þeirra, sem eiga aðild að sjóðnum, kveða á um hærra framlag.

Öllum launamönnum ber að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð frá sextán ára aldri til sjötugs. Aðild að Stöfum lífeyrissjóði er þrískipt og byggist samkvæmt samþykktum á fyrirtækjaaðild, stéttarfélagsaðild og frjálsri aðild. Launamenn sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum og/eða byggja starfskjör sín á kjarasamningum stéttarféлага, eru aðilar að sjóðnum. Sjóðsaðild er heimil þeim sem hvorki eru bundnir kjarasamningum tengdra stéttarféлага né njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum.


Að baki er 77 ára samfelld saga lífeyrissjóða sem mynda Stafi lífeyrissjóð þar sem 57.931 einstaklingar eiga réttindi.

Á árinu 2015 greiddu 8.938 manns iðgjald til samtryggingardeildar Stafa, sem er fjölgun um 26 frá árinu áður. Fjöldi virkra sjóðfélaga var 7.429, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum. Þetta er fjölgun um 22 frá fyrra ári. Á árinu 2015 námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 4.937 milljónum króna sem er aukning um 6,2% frá fyrra ári.


Í árslok 2015 átti 17.761 sjóðfélagi réttindi í séreignardeild Stafa, sem er fækkun um 66 frá árslokum 2014. Alls voru 1.097 virkir sjóðfélagar í séreignardeild 2015. Á árinu 2015 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar 285 milljónum króna, sem er 23,2% aukning frá fyrra ári.

Sjóðfélagar bera ríka ábyrgð á lífeyrissjóðnum sem tilheyrja þeim. Tvisvar á ári eru send út yfirlit og bera sjóðfélagar

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga



Fjöldi virkra sjóðfélaga



ábyrgð á að bera þau saman við launaseðla og ganga úr skugga um að þar komi allt heim og saman. Komi í ljós að iðgjöld hafi ekki skilað sér þurfa sjóðfélagar að skila inn launaseðlum þar sem fram kemur afdregið iðgjald. Þetta ber að gera innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits svo réttindi glattist ekki. Brýnt er að sjóðfélagar sinni skyldum sínum í þessu efni því ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi þess að þeir geti treyst því að fá þann lífeyri sem þeir hafa unnið sér inn með greiðslum í sjóðinn. Ábyrgðasjóður launa kemur til skjalanna í þeim tilvikum þegar fyrirtæki verða gjaldþrota og þau geta ekki staðið skil á þeim iðgjöldum sem af sjóðfélögum hafa verið dregin. Í lögum um Ábyrgða-

sjóðinn frá 2003 er lýst skilyrðum sem þarf að uppfylla til að vangreidd iðgjöld njóti ábyrgðar hans.

Það er ekki eingöngu til að þjóna launagreiðendum sem rafrænn aðgangur að upplýsingum hefur verið eflur heldur geta sjóðfélagar sjálfir fylgst með stöðu sinni á heimasíðu sjóðsins, stafir.is. Með því að nýta sér sjóðfélagavefinn geta allir sjóðfélagar séð hvort skilagreinar og greiðslur hafi borist sjóðnum og þannig veitt bæði launagreiðanda og sjóðnum aðhald. Einnig er hægt að fylgjast á sama hátt með ávöxtun séreignarsparnaðar og stöðu lána sem viðkomandi hefur tekið hjá sjóðnum.

Launagreiðendur

Stafir lífeyrissjóður er ólíkur öðrum lífeyrissjóðum að því leyti að hann er að hluta til fyrirtækjasjóður sem stofnaður var árið 1939. Aðild að sjóðnum eiga fyrirtæki og einstaklingar sem áttu skylduáðild að Samvinnulífeyrissjóðnum samkvæmt lögum, samþykktum og kjarasamningum við stofnun Samtaka atvinnulífsins 15. september 1999. Að auki eiga aðild að sjóðnum Samtök rafverktaka og Samtök ferðaþjónustunnar.


Langflest þeirra fyrirtækja sem greiða til Stafa standa í skilum og leitast sjóðurinn við að sýna festu við innheimtu á iðgjöldum. Sagan sýnir að mjög lítið af iðgjöldum tapast. Sjóðurinn tekur lögbundna innheimtuskyldu mjög alvarlega, enda mynda iðgjöldin rétt sjóðfélaga til lífeyris. Sam-

kvæmt innheimtuleglum sjóðsins eru send ítrekunarbréf í hverjum mánuði til launagreiðanda sem ekki hafa greitt iðgjöld á eindaga. Eftir þriggja mánaða vanskil eru kröfur sendar í lögfræðinniheimtu.

Tvisvar á ári fá launagreiðendur send yfirlit allra hreyfinga sinna í bókum sjóðsins. Sjóðurinn hefur leitast við að bæta þjónustu við launagreiðendur með launagreiðendavef þar sem þeim gefst færi á að senda skilgreinar inn rafrænt, jafnvel beint úr bókhaldskerfum sínum, skoða stöðu, hreyfingar og innborganir sem hafa borist. Sífellt færast í vöxt að fyrirtæki nýti sér þessa rafrænu þjónustu en um 80% skilgreina berast sjóðnum á rafrænu formi.

Á árinu 2015 greiddu 2.003 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna. Samskip er stærsti launagreiðandinn og greiðir 5% af iðgjöldum sjóðsins.

Skipting eftir atvinnugreinum



20 stærstu launagreiðendur

Samskip hf.
N1 hf.
Rarik ohf.
Kaupfélag Skagfirðinga
Samkaup hf.
Flugleiðahótel ehf.
Marel Iceland ehf.
Ríkissjóður Íslands
Securitas hf.
Rafmiðlun hf.
Ríkisútvarpið ohf.
Nýherji hf.
Isavia ohf.
Advania ehf.
Landsvirkjun
Veitur ohf.
Alcoa Fjarðaál sf.
Rio Tinto Alcan á Íslandi
Fjarskipti hf.
Mjólkursamsalan ehf.



Útskriftarhópur framreiðslumanna frá Menntaskólanum í Kópavogi vorið 2016, ásamt kennara sínum. Aftari röð frá vinstri: **Alex Örn Heimisson, Sæþór Dagur Ívarsson, Alexander Magnússon, Eiður Logi Hjaltason, Hallgrímur Sæmundsson** kennari, **Ásta Guðrún Sigurðardóttir**. Fremri röð frá vinstri: **Erna Björk Edwald, Sunnefa Hildur Aðalsteinsdóttir, Björk Roikjer, Heiða Ósk Guðmundsdóttir, Berglind Kristjánsdóttir**.



Nokkrir útskriftarnemar í matreiðslu frá Menntaskólanum í Kópavogi 2016 ásamt kennurum sínum. Frá vinstri: **Eyvindur Aron Jakobsson, Örvar Daði Ingason, Aðalheiður Lilja Árnadóttir, Ívar Örn Hansen, Bjartur Elí Friðbjófsson** (aftan við), **Arnar Þór Stefánsson, Ragnar Wessman** kennari, **Egill Pietro Gíslason, Baldvín Lár Benediktsson, Máni Askur Bjarnarson, Stefanía Sunna Róbertsdóttir, Steinþór Sigurðsson, Sigurður Daði Friðriksson** kennari.

Áhrif góðra stjórnarháttanna og eigendastefna Stafa

Undanfarin ár hafa fjárfestar beint athygli sinni í auknum mæli að stjórnarháttum fyrirtækja. Segja má að upphaf þeirrar vakningar, sem orðið hefur undanfarin ár, megi rekja til skýrslu og síðar löggjafar sem kennd er við Paul Sarbanes og Michael G. Oxley. Sú skýrsla var unnin í kjölfar hneykslismála árið 2002, kennd við Enron og fyrirtæki sem urðu gjaldþrota á svipuðum tíma. Í kjölfar þeirrar gjaldþrotahrinu var fjölmörgum rannsóknarverkefnum hrundið af stað sem ætlað var að finna tengsl á milli góðra stjórnarháttanna og árangurs af rekstri.

Árið 2004 gáfu Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllin út fyrstu leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja hérlendis, í samræmi við alþjóðlegar áherslur í þeim efnum. Fjöldmörg fyrirtæki tileinkuðu sér reglurnar en hrun á fjármálmörkuðum 2008 vakti upp fjölda spurninga um innviði íslensks viðskiptalífs, áherslur og ábyrgð stjórnenda og umgengni þeirra við þær reglur sem settar voru 2004 með síðari breytingum.

Kallað hefur verið eftir endurskoðaðri nálgun og er sú krafa bæði eðlileg og nauðsynleg í ljósi reynslunnar. Eitt af því sem kallað er eftir er aukin þátttaka fjárfesta í því sem kalla má hluthafavirkni, sem felst m.a. í eftirfylgni með góðum stjórnarháttum og tilheyrandi aðhaldi.

Góðir stjórnarhættir eru ekki bara á ábyrgð stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja, enda gera sjóðfélagar lífeyrissjóða sömu kröfu til stjórnenda þeirra. Stjórn og starfsfólk Stafa horfir því ekki síður í eigin starfsemi og kappkostar á sama hátt að framfylgja góðum stjórnarháttum.

Ef hluthafavirkni telst til góðra stjórnarháttanna lífeyrissjóða er verkefnið í þeim

skilningi sameiginlegt stjórnendum fyrirtækja og fagfjárfestum að gera breytingar til að endurheimta skert traust og auka á trúverðugleika í rekstri, draga þar með úr áhættu og auka arðsemi fyrirtækja.

Í apríl 2014 endurskoðaði stjórn Stafa eigendastefnu sína og samþykkti nýja stefnu sem er aðgengileg á heimasíðu Stafa. Stefnan endurspeglar afstöðu stjórnar til stjórnarháttanna í starfsemi fyrirtækja og tekur fyrst og fremst til íslenskra félaga. Stefnan byggist m.a. á þeirri tiltrú að góðir stjórnarhættir bæti ávöxtun eigna og skili sér í stöðugri ávöxtun og minni áhættu. Sú tiltrú styðst við erlendar rannsóknir sem benda til þess að samband sé þar á milli.

Segja má að rannsóknir á góðum stjórnarháttum hafi í fyllingu tímans myndað málefnalegan grunn að umfjöllun um góða stjórnarhætti. Hugmyndin að góðum stjórnarháttum er ekki bara byggð á kenningum og tilgátum, heldur benda rannsóknir til þess að jákvæð fylgni sé til staðar. Þó orsakasambandið sé ekki beint fullkomið styðja rannsóknir við þá skynsamlegu ályktun að stjórnendur, sem láta sér málefni hluthafa varða, séu góðir hagsmunagæslumenn þess fjármagns sem bundið er í fyrirtækjum og skráð sem eign fjárfesta á borð við lífeyrissjóði. Í því sambandi má ekki gleyma að þessar rannsóknir hafa mætt gagnrýni. Ofuráhersla á stjórnarhætti getur virkað hamlandi á vöxt og framgang fyrirtækja og mikilvægt er að hafa í huga að stjórnarhættir eru aðeins hluti af því matsferli sem á sér stað þegar fjárfestar ákveða að kaupa eða selja hlutabréf.

Samkvæmt eigendastefnu Stafa leggur stjórn sjóðsins á það áherslu að sjóðurinn

sannreyni reglubundið gæði stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Til þess að meta það hefur sjóðurinn komið á 20 þátta matsferli sem ætlað er að meta gæði stjórnarháttanna. Hverjum þætti er gefin einkunn á skalanum 1 til 10 þar sem 10 er hæsta einkunn. Hver þáttur fær ákveðið vægi og reiknuð er vegin heildareinkunn fyrir hvert fyrirtæki. Meginþættir sem litið er til í matsferlinu eru hluthafafundur, stjórnarskipan og stjórnarhættir, starfskjarastefna og samfélagsleg ábyrgð.

Hugmyndin byggist á því að taka til skoðunar alla þætti sem tilgreindir eru í reglum um góða stjórnarhætti og meta hve langt fyrirtækið hefur gengið í innleiðingu þeirra og ekki síður hvernig það er gert. Þegar sjóðurinn á samkvæmt eigendastefnu verulegra hagsmuna að gæta er fundað með stjórnendum og farið yfir matsferlið með þeim.

Þó matskerfi Stafa kunni að vera háð annmörkum huglægra matsliða ber fyrst og fremst að líta á það sem staðfestingu þess að sjóðurinn láti sér þennan þátt varða og hyggist halda uppi eftirliti með fjárfestingum sínum.

Númerískt matskerfi er eðli máls samkvæmt háð stöðugri endurskoðun og gera má ráð fyrir að matskerfið taki breytingum í fyllingu tímans. Markmiðið er skýrt, þ.e. að viðhafa reglubundið eftirlit með fjárfestingum og byggja upp matskerfi sem gefur góðar vísendingar um vænlega ávöxtun eigna til framtíðar. Leitast er við að hver matsliður eigi skírskotun í erlendar rannsóknir sem sýna mikilvægi þeirra. Framtíðin mun svo leiða það í ljós hvort þær áherslur, sem birtast í matsferlinu, beini Stöfum í arðbærari fjárfestingar eða ekki.

Þróun markaða og eignaflokka 2015

Innlend skuldabréf

Innlendur skuldabréfamarkaður gaf heilt yfir góða ávöxtun á árinu 2015. Fyrstu fimm mánuðir ársins fóru hins vegar ekki vel af stað en það má að miklu leyti rekja til verkfallsaðgerða og væntinga um hærra verðbólgu og hækkun stýrivaxta vegna yfirvofandi kjarasamningshækkana. Sú breyting varð á í byrjun júní að stjórnvöld stigu stórt skref í átt að afnámi hafta með áætlun sem gera átti slitabúum föllnu bankanna unnt að ljúka uppgjöri sínu án þess að ógna greiðslujöfnuði þjóðarbúsins til lengri tíma lítið. Þessi áætlun leiddi m.a. til hækkunar á lánshæfismati ríkissjóðs og innkomu erlendra aðila á skuldabréfamarkaðinn en þeir aðilar voru atkvæðamiklir í kaupum á löngum óverðtryggðum ríkisskuldabréfum frá miðju ári 2015.

Verðtryggð bréf

Útgáfa verðtryggðra skuldabréfa með ríkisábyrgð var hverfandi á árinu 2015. Á móti var hins vegar mikill vöxtur í útgáfu sértryggðra skuldabréfa bankanna en útgáfa þeirra nam um 38,2 milljörðum króna, sem er talsverð aukning frá árinu áður. Einnig litu ný skuldabréf fyrirtækja og veitna dagsins ljós en verðtryggð útgáfa þeirra nam um 19,3 milljörðum króna. Að lokum var útgáfa sveitarfélaga á árinu, að meðtöldum lánasjóði sveitarfélaga, samtals um 10,8 milljarðar króna.

Nafnávöxtun 10 ára verðtryggðrar skuldabréfavisitölu var 10,8% og var raunávöxtunin því um 8,6% á árinu. Nafnávöxtun 5 ára verðtryggðrar skuldabréfavisitölu var 7,5% sem samsvarar 5,4% raunávöxtun.


Óverðtryggð bréf

Útgáfa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa var um 53,3 milljarðar króna á árinu 2015 og að sama skapi var útgáfa sértryggðra skuldabréfa bankanna nokkuð líflæg eða um 25,2 milljarðar króna, sem er mikil aukning frá fyrra ári rétt eins og í verðtryggðu bréfunum í sama eignaflokki. Óverðtryggð útgáfa sveitarfélaga var lítil sem engin og svipaða sögu má segja um útgáfu fyrirtækja og veitna en samtals voru gefnir út um 6,9 milljarðar króna í þeim eignaflokki.


Nafnávöxtun 10 ára óverðtryggðrar skuldabréfavisitölu nam 11,9% á árinu, sem samsvarar 9,7% raunávöxtun. Nafnávöxtun 5 ára óverðtryggðrar skuldabréfavisitölu nam 5,9%, sem samsvarar 3,8% raunávöxtun.

Innlend skuldabréfaeign samtryggingardeildar Stafa lífeyrissjóðs var 68.039 milljónir króna í árslok 2015. Þar munar mest um skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs sem er um helmingur skuldabréfasafnsins og um fjórðungur af heildareignasafni deildarinnar. Önnur innlend skuldabréf eru með

Skuldabréfavisitölur



Verðtryggð skuldabréf




ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga og lánastofnana, ásamt einstökum fyrirtækja-bréfum.

Að teknu tilliti til skuldabréfa fyrirtækja og lánastofnana er tæplega helmingur innlenda skuldabréfasafnsins fasteignaveðtryggður. Nafnávöxtun innlendrar skuldabréfaeignar sjóðsins var 7% á árinu 2015 sem samsvarar 4,9% raunávöxtun. Því skal haldið til haga að sjóðurinn gerir skuldabréf í sinni eigu upp á kaupkröfu en ekki markaðskröfu og því hafa sveiflur í markaðsávöxtun skuldabréfa ekki áhrif á verðmæti bréfanna í bókum sjóðsins.


Vextir Seðlabanka Íslands og verðbólga

Seðlabanki Íslands hóf vaxtahækkunarferli sitt á árinu 2015 en bankinn hækkadi vexti í þrígang um samtals 1,25 prósentustig og stóðu þá meginvextir bankans í 5,75% í árslok. Verðbólgan mældist 2% á árinu, sem er undir 2,5% verðbólgu markmiði bankans og telst lág í sögulegu samhengi. Íslenska krónan styrktist um 7,3% á árinu, þrátt fyrir 250 milljarða gjaldeyriskaup Seðlabankans. Sú styrking, ásamt verðlækkunum á heimsmarkaði á ýmsum innfluttum vörum, svo sem hrávörum, vóg á móti innlendum kostnaðarhækkunum og náði að halda verðlagi í skefjum. Verðbólga hefur haldist áfram lág það sem af er árinu 2016 en Seðlabankinn telur þó líklegt að auka þurfi aðhald á næstu misserum og því má vænta þess að frekari vaxtahækkanir séu í kortunum þegar líða tekur á árið 2016.

Óverðtryggð skuldabréf



Verðbólga & stýrivextir



Innlend hlutabréf

Innlendur hlutabréfamarkaður tók stakka-skiptum á árinu 2015. Ávöxtun var umtals-vert meiri en árið áður auk þess sem markaðsvirði hlutabréfa jókst um rúman helming samhliða verðhækkunum og þremur nýskráningum. Segja má að hluta-bréfamarkaðurinn hafi verið á samfelldu flugi frá vordögum og fram í vetrarbyrjun þegar hann náði jafnvægi að nýju.

Í október fór heildarmarkaðsvirði aðall-ista Kauphallar og First North, hliðarmark-aðar Kauphallar, í fyrsta skipti yfir 1.000 milljarða króna eftir að innlendur hluta-bréfamarkaður var endurreistur árið 2009.

Markaðsvirði skráðra hlutabréfa stóð í 1.049 milljörðum króna í árslok. Úrvalsvísi-talan (OMX18) hækkaði um 43,4% á árinu en um 4,1% árið 2014. Leiðrétt fyrir arð-greiðslum nam hækkunin 49,0% en 6,5% árið áður.

Heildarviðskipti með hlutabréf námu 392 milljörðum króna árið 2015, sem er veltuaukning upp á 34% frá fyrra ári. Það sem skýrir einkum mikla hækkun hluta-bréfavísitalna á síðasta ári var góður gang-ur stóru félaganna, Marels og Icelandair Group, sem vega hvort um sig þungt við útreikning vísitalnanna. Heildarávöxtun Marels, að teknu tilliti til arðs, nam 83,7% en var 69,2% í tilfalli Icelandair Group. Ný-herji bar þó höfuð og herðar yfir öll önnur fyrirtæki í ávöxtun því gengi bréfa félags-ins hækkaði um 257%.

Eitt annað félag á aðallista Kauphallar skilaði yfir 50% heildarávöxtun en það var N1 (51,3%). Fimm önnur fyrirtæki hækkuðu yfir 30%: Reginn (44,6%), Fjarskipti (39,2%), Össur (31,6%), Reitir (31,5%) og Sjóvá (30,8%).


Ekkert félag lækkaði í verði frá fyrra ári að teknu tilliti til arðgreiðslna.

Eins og fyrr var getið voru þrjú fyrirtæki skráð á hlutabréfamarkað á liðnu ári: fast-eignafélögin Eik og Reitir, sem fóru í skráningu og almennt útboð á vordögum, og Síminn, sem var skráður í október. Almennir fjárfestar sýndu skráningunum mikinn áhuga og heildarsöluandvirði út-boðanna nam 16,4 milljörðum króna.

Í árslok voru alls 20 félög skráð á inn-lendan hlutabréfamarkað, 17 á aðallista og 3 á First North.

Aðstæður á innlendum hlutabréfamark-aði eru ágætastar um þessar mundir og engar vísbendingar um annað en að hlutabréf

Innlendar hlutabréfavísitölur



Félög í vísitölu aðallista [OMX18] Kauphallar Íslands

Félag	31/12/14	31/12/15	YTD %
BNORDIK	104,00	120,00	15,4%
CENX	3300,00	3300,00	0,0%
EIK	6,61	7,95	21,9%
EIM	237,00	235,50	1,6%
GRND	33,80	41,10	26,5%
HAGA	40,45	44,80	16,0%
HAMP	22,60	27,50	21,7%
ICEAIR	21,40	35,40	69,2%
MARL	138,00	253,50	83,7%
N1	23,20	52,00	51,3%
NYHR	5,18	18,50	257,1%
OSSRU	361,00	475,00	31,6%
REGINN	13,55	19,60	44,6%
REITIR	63,80	83,90	31,5%
SFS B	1,85	1,85	0,0%
SIMINN	3,46	3,62	4,6%
SJOVA	11,95	12,67	30,8%
TM	26,30	23,55	9,8%
VIS	9,05	9,07	12,8%
VOICE	35,00	47,90	39,2%

*með arðgreiðslum

skili hluthöfum bærillegri ávöxtun á þessu ári. Lækkun olíuverðs á síðustu misserum hefur komið sér vel fyrir íslenskt atvinnulíf og vegur á móti nýlegum hækkunum á launakostnaði. Til viðbótar teygir hraður vöxtur ferðamannaíðnaðarins anga sína út um allt hagkerfið.

Kauphallarfyrirtæki búa við mikinn fjárhagslegan styrk um þessar mundir og hafa því ágætis burði til þess að standa undir góðum og eðlilegum arðgreiðslum og nauðsynlegum og nýjum fjárfestingum.

Innlend hlutabréfaeign samtryggingar-deildar sjóðsins hækkaði talsvert á árinu

2015 en hún nam 28.383 milljónum króna í lok ársins borið saman við 20.227 milljón-ir króna í árslok 2014. Sjóðurinn fjárfesti fyrir um það bil 675 milljónir króna í inn-lendum hlutabréfum umfram sölu á árinu. Að auki átti samtryggingardeildin í innlend-um hlutabréfasjóði um áramótin að verð-mæti 936 milljónir kr. en verðmæti þess sjóðs nam 661 milljón kr. í árslok 2014.

Skráð innlend hlutabréf voru 21.277 milljónir króna í árslok, sem er um 75% af innlendra hlutabréfaeign sjóðsins. Nafn-ávöxtunin var 55,1% sem samsvarar 52% raunávöxtun. Til samanburðar hækkaði

OMXIGI (viðmiðunarvísitala Stafa fyrir innlend hlutabréf) um 39,7% á árinu. Umframvöxtun skráðra hlutabréfa sjóðsins nam því 15,4 prósentustigum á árinu 2015.

Óskráð innlend hlutabréf voru 7.106 milljónir króna í árslok. Þar á meðal er 5,5% hlutur Stafa í Framtakssjóði Íslands ásamt öðrum innlendum framtakssjóðum. Þá má einnig nefna 8,4% hlut Stafa í Jarðvarma slhf., sem fer með 25% eignarhlut í HS Orku, og 14,5% hlut sjóðsins í Samkaupum hf.

Nafnávöxtun óskráðra hlutabréfa sjóðsins var 3,4% á árinu. Vegin nafnávöxtun skráðra og óskráðra hlutabréfa sjóðsins

mældist því 38,3% á árinu, sem samsvarar 35,6% raunávöxtun. Þess má geta að eignarhlutir í óskráðum hlutabréfum, öðrum en í Framtakssjóði Íslands slhf. og IEI slhf., eru færðir til eignar m.v. kostnaðarverð eða áætlað markaðsverð, hvort sem lægra reynist.

Taflan um þróun skráðra innlendra hlutabréfa í eigu Stafa lífeyrissjóðs, og þeirra sjóða sem mynduðu Stafi árið 2006, sýnir glögglega hvernig innlent hlutabréfasafn sjóðsins, sem var tæplega 1.500 milljónir króna í lok árs 2000, hefur þróast til ársloka 2015 (á einungis við um samtryggingardeild sjóðsins). Nafnávöxtun

sjóðsins á þessum tíma hefur verið 12,8% á ári að meðaltali. Síðasti dálkurinn í töflunni sýnir mismun á ávöxtun sjóðsins og ávöxtun vísitölu aðallista Kauphallar Íslands en sjóðurinn hefur skilað 13,5% betri ársávöxtun að meðaltali heldur en vísitalan á sama tímabili.

Þróun skráðra innlendra hlutabréfa í eigu Stafa

Ár	Verðmæti í árslok	Árleg nettó viðskipti	Nafnávöxtun	Aðalvísitala Kauphallar Íslands	Mismunur
2000	1.423.103.316	-80.509.582	3,80%	-13,79%	17,59%
2001	940.706.149	3.775.050	-34,40%	-10,19%	-24,21%
2002	1.200.607.594	187.340.480	7,00%	21,64%	-14,64%
2003	4.405.519.142	1.539.533.429	130,40%	46,52%	83,88%
2004	8.512.375.110	1.066.479.092	69,80%	52,94%	16,86%
2005	7.021.605.029	-4.504.656.646	49,20%	60,92%	-11,72%
2006	8.805.251.223	250.404.923	21,20%	14,68%	6,52%
2007	9.178.243.815	-762.022.982	15,10%	-0,92%	16,02%
2008	2.896.511.931	-1.370.607.680	-76,70%	-89,98%	13,28%
2009	2.006.631.407	-81.365.036	-0,40%	-14,66%	14,26%
2010	3.164.735.270	296.348.364	45,80%	15,21%	30,59%
2011	4.315.067.308	737.097.901	11,80%	2,02%	9,78%
2012	6.032.380.228	691.790.992	22,90%	17,90%	5,00%
2013	10.388.699.663	1.475.453.590	38,70%	29,10%	9,60%
2014	13.329.428.775	1.272.818.580	15,00%	10,60%	4,40%
2015	21.276.955.320	227.770.881	55,10%	35,50%	19,60%
	Sjóðstreymi	949.651.356	12,75%*	-0,44%*	13,52%

*Nafnávöxtun á ári sl. 16 ár miðað við margfeldisáðferð [e. geometric mean]

Erlendir markaðir

Ávöxtun erlendra hlutabréfamarkaða á árinu 2015 einkenndist af miklum sveiflum á helstu mörkuðum. Titringur á gjaldeyrismörkuðum í tengslum við áherslur peningamálastefna helstu seðlabanka heimsins olli að einhverju leyti þessum óróa sem og olía og aðrar hrávörur sem áttu undir högg að sækja á heimsmarkaði.

Hagvöxtur á árinu var þokkalegur, þó undir væntingum í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan. Verðhjöðnun var og er áfram vandamál á helstu landssvæðum, m.a. vegna lækkandi olíu- og hrávöruverðs. Um mitt árið 2015 fór að gæta ótta hjá fjárfestum í Kína og má segja að hlutabréfabólan þar hafi sprungið eftir miklar hækkanir frá ársbyrjun. Fjárfestar óttuðust verulega kólnun í kínverska hagkerfinu sem smitast myndi yfir á aðra hlutabréfamarkaði með tilheyrandi lækkunum. Eftir ágætis hagtölur í október snéru svo markaðir við og róaði það að einhverju leyti fjárfesta framundir áramót.

Heimsvísitala Morgan Stanley, að meðtöldum nýmörkuðum, lækkaði um 0,9% í dollurum. Hlutabréf í Bandaríkjunum, sem vega þungt í þessari vísitölu, lækkuðu um 0,7% í dollurum á meðan evrópsk bréf

hækkuðu um 5,5% í evrum talið en lækkuðu hins vegar um 5% í dollurum þar sem gengi evru á móti dollar veiktist talsvert á árinu. Á Norðurlöndum voru hlutabréfamarkaðir nokkuð flatir á meðan talsverðar hækkunar gætti í Japan, meðal annars fyrir tilstilli slaka í peningamálastefnu japanska seðlabankans. Aðrir hlutabréfamarkaðir í Asíu áttu hins vegar erfitt uppdráttar á árinu 2015 og nam lækkun þeirra um 11,3% í dollurum.

Gengisvísitala íslensku krónunnar lækkaði um 7,3% á árinu, úr 206,6 stigum í 191,5 stig, og styrktist gengi hennar sem því nam. Gengi dollara styrktist gagnvart helstu myntum á árinu meðal annars vegna væntinga um vaxtahækkanir þarlendis en fyrsta hækkunin frá árinu 2006 leit dagsins ljós í desembermánuði. Dollarinn styrktist um 2,1% gagnvart íslensku krónunni og er því ávöxtun allra ofangreindra markaða hlutabréfa, umreiknuð í krónur, hærri sem því nemur eins og sjá má í töflunni efst á bls. 20.

Í árslok 2015 var hlutfall erlendar verðbréfaeignar samtryggingardeildar Stafa 25,2% af heildareign deildarinnar í verðbréfum en var 24,7% í árslok 2014. Um mitt ár 2015 fengu íslenskir lífeyrissjóðir

heimild frá Seðlabanka Íslands til að fjárfesta á ný í erlendum verðbréfum í skiptum fyrir krónur. Heimildin er liður í áætlun um afléttingu gjaldeyrishafta og var takmörkuð við 10 milljarða króna sem skiptist á milli sjóðanna í hlutfalli við stærð þeirra og innstreymi. Hlutdeild Stafa í heildarfjárhæðinni nam um 370 m. kr. á árinu 2015. Þessi heimild var svo tvöfölduð í byrjun árs 2016, þ.e. úr 10 í 20 milljarða króna, og miðast við fyrstu fjóra mánuði ársins. Það er óhætt að segja að um stóran áfanga sé að ræða með tilliti til frekari áhættudreifingar í eignasafni sjóðanna, enda kemur heimildin væntanlega til með að auka vægi erlendra eigna í eignasöfnum íslenskra lífeyrissjóða. Jafnframt eru væntingar um að Seðlabankinn veiti lífeyrissjóðunum enn frekari heimildir til gjaldeyriskaupa á öðrum og þriðja ársþriðjungi 2016.

Nafnávöxtun skráðrar hlutabréfaeignar í krónum var 4,5% á árinu 2015 og skiptist á milli sjóða annars vegar og sérgreindra safna hins vegar. Nafnávöxtun óhefðbundinna fjárfestinga var 5,9% yfir þetta tímabil en til þessa eignaflokks teljast erlendir framtakssjóðir (e. private equity), markssjóðir (e. hedge funds), fasteignasjóðir (e.



Á námskeiði um iðntölvustýringu í Rafiðnaðarskólanum. Frá vinstri: **Rúnar Ingi Guðjónsson, Sigurður Geirsson kennari, Fjöltnir Freyssson, Guðmundur Björnsson, Halldór Bóas Halldórsson, Ágúst Helgason.**

real estate funds) og millilagssjóðir (e. mezzanine funds).


Nettófjárfestingar í skráðum hlutabréfum á árinu 2015, að meðtöldum hlutabréfasjóðum, námu 2.829 milljónum króna. Aukning í fjárfestingu í þessum eignaflokki skýrist að miklu leyti, rétt eins og fyrri ár, af útgreiðslum úr erlendum framtakssjóðum. Eins og kom fram hér á undan fengu Stafir heimild til að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir um 370 milljónir króna á síðasta ársþriðjungi 2015 og var þeirri fjárhæð jafnframt varið í fjárfestingu í þessum eignaflokki.

Hlutfall Stafa lífeyrissjóðs í erlendum framtaksfjárfestingum hefur verið nokkuð hátt undanfarin ár og hefur því útgreiðslum þaðan verið ráðstafað nær eingöngu í skráð hlutabréf. Þetta hlutfall hefur hins vegar lækkað hratt sl. þrjú ár vegna mikilla útgreiðslna og er sjóðurinn þegar farin að skuldbinda sig aftur inn í þennan eignaflokk til að viðhalda markmiði um eignasamsetningu sem er 9% samkvæmt núgildandi fjárfestingarstefnu. Nettóútgreiðslur úr sjóðum í þessum eignaflokki voru 1.277 milljónir króna á árinu 2015. Stafir eiga eftir að uppfylla fjárfestingarloforð í þessa sjóði á næstu árum en í árslok 2015 námu þau loforð um 3.335 milljónum kr.


Ýmsar vísitölur

Nafn	Auðkenni	% USD	% ISK
Heimsvísitalan	NDDUWI	-0,9%	1,1%
Bandaríkin	SPX	-0,7%	1,2%
Evrópa	BE500	-5,0%	-3,2%
Norrænir markaðir	MXND	0,0%	2,0%
Asía	MXASJ	-11,3%	-9,6%
Japan	NKY	8,0%	10,3%
Hrávörur	CRB	-23,4%	-21,9%

Erlendar hlutabréfavisitölur [USD]



Erlendar hlutabréfavisitölur [ISK]





Kristján Þór Ingvarsson, nemandi í kvikmyndatækni í myndveru Sýrlands. Hann handleikur þarna forlata upptökuvél, eina af þremur sem keypar voru á sínum tíma til að nota við að taka upp sjónvarpsþættina um lífið í Latabæ.

Sjóðfélagalán

Stafir lífeyrissjóður hóf að bjóða óverðtryggt lán síðla árs 2015. Aukin spurn er eftir óverðtryggtum lánum og var ákveðið að bregðast við henni. Hægt er að velja um óverðtryggt lán með jöfnum afborgunum og jöfnum greiðslum en öll óverðtryggt lán bera breytilega vexti sem fylgja stýrivöxtum Seðlabanka Íslands að viðbættu áhættuálagi. Vextir óverðtryggtora lána voru í árslok 6,85%.

Sjóðurinn býður áfram verðtryggt lán með föstum vöxtum eða breytilegum vöxtum. Fastir vextir á nýjum sjóðfélagala-

greiðslumat skuli fylgja umsókn ef lánsupphæð er tvær milljónir króna eða hærri eða fjórar milljónir króna eða hærri ef í hlut eiga hjón eða sambúðarfólk. Sjóðurinn áskilur sér um leið rétt til að krefja alla umsækjendur um greiðslumat.

Endurskoðun reglna um lánveitingar


Í nóvember 2015 voru reglur um lánveitingar teknar til endurskoðunar og nokkrar breytingar gerðar. Þar ber helst að nefna að við bættust óverðtryggt lán og veðsetningarlutfall Stafa var hækkað úr

þegar lánað er gegn veði í sumarhúsum má lánstíminn ekki fara fram yfir gildistíma lóðaleigusamnings ef sumarhúsið er á leigulóð.

Ný sjóðfélagalán

Allt til ársins 2014 fækkaði nýjum sjóðfélagalánum en þeim fjölgaði verulega 2015 þegar 50 ný lán voru veitt, sem er aukning um 72% (29 lán veitt 2014). Samtals námu ný lán 408 milljónum króna 2015 en 150 milljónum króna árið áður. Meðalfjárhæð hvers láns var rúm 8,1 milljón en 5,2 milljónir króna árið áður.

Heildarfjárhæð nýrra lána og meðalfjárhæð [í milljónum kr.]



lánnum eru 3,6% og voru lækkaðir úr 3,8% á árinu 2015. Breytilegir vextir taka breytingum í byrjun hvers mánaðar í samræmi við ákvæði lánareglna sjóðsins, sem fylgir þróun vaxta íbúðabréfa til 40 ára að viðbættu álagi, (HFF150644), skráð í Kauphöll Nasdaq OMX Ísland. Breytilegir vextir í árslok 2015 voru 3,11%.

Sjóðfélagalán falla undir lög nr. 33/2013, um neytendalán. Lögin leggja lánveitendum á herðar ríkari skyldur um upplýsingamiðlun en áður hefur verið. Þá ber sjóðnum að meta lánshæfi allra umsækjenda sem taka lán yfir ákveðnum lágmarksupphæðum. Lánareglur Stafa kveða á um að

65% í 75% gegn fyrsta veðrétti. Þá voru að auki gerðar minni háttar breytingar en þar ber helst að nefna að sjóðurinn bætti við 5. gr. lánareglna að hann áskilji sér rétt til að krefjast greiðslumats af öllum umsækjendum. Sjóðurinn geti og krafist veðmats á eignum frá löggiltum fasteignasala. Þá var því skýrar komið á framfæri að

Staða, vanskil og uppgreiðsla sjóðfélagalána

Í árslok 2015 voru lán til sjóðfélaga um 7,5 milljarðar króna eða um 5,3% af heildareignum en 8,4 milljarðar króna eða um 6,7% af heildareignum í árslok 2014. Heildarsafnið minnkar samt frá ári til árs vegna þess hve mikið var um það árið

Staða og vanskil sjóðfélagalána [í milljónum króna]

	2015	2014	Breyting
Sjóðfélagalán samtals	7.454	8.360	-11%
Hlutfall af heildareignum	5,3%	6,7%	
Vanskil	112	176	-36%
Hlutfall af heildarfjárhæð	1,50%	2,11%	

2015 að lán væru greidd upp eða 220 sjóðfélagalán, alls um 500 milljónir króna.

Í töflu neðst á bls. 22 eru upplýsingar um heildarvanskil sjóðfélagalána og hlutfall þeirra af heildarupphæð sjóðfélagalána.

Í árslok 2015 átti sjóðurinn 20 íbúðarhús/íbúðir sem hann þurfti að leysa til sín í fullnustuaðgerðum. Eignirnar voru niðurfærðar til varúðar og unnið er að sölu þeirra. Samkvæmt 38. gr. laga um starfsemi lífeyrissjóða ber sjóðnum að selja eignirnar innan 18 mánaða frá yfirtöku. Þó er heimilt að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins.

Ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á sjóðfélagalán hjá Stöfum og úrræði vegna greiðsluerfiðleika

Greiðslur vegna tímabundinnar heimildar til ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á höfuðstól sjóðfélagalána hjá sjóðnum, sbr. lög nr. 40/2014, námu 91,7 milljónum króna á árinu 2015. Þetta úrræði stendur fólki til boða fram á mitt ár 2017 að óbreyttu og snýr að því að hægt er að ráðstafa séreignarsparnaði, sem aflað er á tímabilinu, skattfrjálst beint inn á höfuðstól láns.

Líkt og undanfarin ár hefur lánadeild sjóðsins unnið að því að leysa greiðsluvanda lántakenda og ganga frá samningum sem hafa klárast á árinu. Þessum málum fer ört fækkandi. Í árslok 2015 voru einungis 8 slík mál í ferli hjá sjóðnum en voru 44 árið áður. Um er að ræða úrræði sem rekja má til greiðsluaðlögunar og sérþækrar skuldaaðlögunar fasteignaveðlána eða úrræða sem stóðu lántakendum til boða sem byggjast m.a. á lögum og samkomulagi aðila á fjármálamarkaði.



Nýliðabjálfun í vöruhúsi Samskipa. **Sigurbjörg Halldóra Ríkarðsdóttir** kennir **Ingibjörgu Sif Sigurbjörnsdóttur** og **Antoni Óskarsyni** að flokka smávörur við komu í hús á færirbandi.

Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna Stafa lífeyrissjóðs er mótuð af stjórn sjóðsins, með þátttöku fjárfestingarráðs Stafa, á grundvelli reglugerðar nr. 916/2009. Stefnan byggist á mismunandi tegundaflokkun innlána og verðbréfa til samræmis við áður nefnda reglugerð. Hún er mótuð í samræmi við góða viðskiptahætti, með hliðsjón af fjárfestingarheimildum í samþykktum sjóðsins, fjárfestingarreglum og þeim kjörum sem best bjóðast á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar, áhættu og verðtrygðra lífeyrisskuldbindinga sjóðsins. Stefnunni er ætlað að vera vegvísir fyrir stjórn, fjárfestingarráð og þá þjónustuaðila sem stýra eignum fyrir sjóðinn. Stefnan er ávallt kynnt sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins, sbr. 3 mgr. 30. gr. laga um lífeyrissjóði.

Forsendur um val á eignaflokkum

Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og þeim ber að haga fjárfestingum sínum samkvæmt því. Stjórn Stafa lífeyrissjóðs og fjárfestingarráð ákvarða árlega stefnu um eignastýringu og samval eigna sjóðsins. Sú stefna byggist meðal annars á því að hæfilegt svigrúm sé til að nýta þau fjárfestingartækifæri er gefast á hverjum tíma en þó innan skynsamlegra marka til að tryggja hagsýni og gætni í ávöxtun eigna. Það er mat stjórnar og fjárfestingarráðs að val á einstökum eignaflokkum skýri stærsta hluta ávöxtunar af fjárfestingum til lengri tíma litið.

Val á eignaflokkum byggist á reglulegri greiningu fjárfestingarráðs og helstu samstarfsaðila á verðbréfamörkuðum hér heima og erlendis og á þeim tækifærum sem þar felast hverju sinni. Því verklagi er ætlað að tryggja að sjóðnum sé stýrt af kunnáttu og kostgæfni þannig að hagur sjóðfélaga sé ávallt hafður að leiðarljósi.

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar

Skv. öðrum kafla reglugerðar nr. 916/2009 skal ákvarða form og efni fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar með ákveðnum hætti. Í henni skal meðal annars birta áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetningu skuli náð ásamt þeim


forsendum sem stjórn sjóðsins byggir stefnuna á. Jafnframt skal fjalla um áhrif lífeyrisbyrðar, réttindakerfis og áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig ber sjóðnum að fjalla um áhrif stefnunnar á núverandi eignasamsetningu sjóðsins.

Lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði

Lífeyrisbyrði sjóðsins (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum) hefur aukist lítillega frá fyrra ári eða úr 66,7% í 67%. Spá um þróun lífeyrisbyrði á næstu árum bendir þó til þess að

Myndin hér fyrir neðan sýnir áætlað greiðsluflæði Stafa til framtíðar þar sem ekki er gert ráð fyrir nýliðun sjóðfélaga. Samkvæmt þessum forsendum duga tekjur (iðgjöld og tekjur af verðbréfum með föstum tekjum) fyrir greiðslu lífeyris a.m.k. til ársins 2026. Eftir það fer að ganga á eignir sjóðsins en áfallnar skuldbindingar umfram eignir eru 3,1%. Þrátt fyrir það hefur sjóðurinn enn töluvert svigrúm til að fjárfesta í eignaflokkum sem sveiflast í verði. Ef gert er ráð fyrir nýliðun og fjölgun sjóðfélaga styrkist staða sjóðsins enn frekar hvað seljanleika eigna varðar.

Áætlað framtíðargreiðsluflæði Stafa lífeyrissjóðs



hún aukist ekki mikið umfram 70% af iðgjöldum ef nýliðun sjóðfélaga verður svipuð hér eftir sem hingað til. Ef ekki er gert ráð fyrir nýliðun sjóðfélaga má ætla að lífeyrisbyrðin aukist og verði 100% árið 2019.

Þá hefur stjórn sjóðsins tekið tillit til greiðsluflæðis af skuldabréfaeign sjóðsins sem styrkir sjóðflæðið enn frekar. Þessi fyrirsjáanlega þróun hjá sjóðnum mun leiða til þess að áætlað framtíðargreiðsluflæði verði að meðaltali um 40% af ráðstöfunarfé til nýfjárfestinga á næstu fimm árum. Uppsöfnuð fjárfestingarþörf Stafa til næstu 10 ára er því áætluð um 52 ma. kr. umfram útgreiðslur. Þessi þróun lífeyrisbyrði og greiðsluflæðis lífeyris gerir sjóðnum kleift að beita langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar.

Eignasamsetning og núverandi staða

Núgildandi fjárfestingarstefna samtryggingardeildar, sem stjórn sjóðsins undirritaði 30. nóvember 2015, felur í sér markmiðssetningu ársins 2016. Núgildandi fjárfestingarstefnu má sjá í töflu 1 á bls. 25 en gert er ráð fyrir að sjóðnum takist að ná markmiðum sínum um eignasamsetningu og halda sig innan vikmarka settrar stefnu á árinu 2016.

Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu

Við mótnun nýrrar stefnu er tekið mið af eignasamsetningu sjóðsins, aðstæðum á mörkuðum og fjárfestingartækifærum sem framundan eru. Horft er til framtíðar og spáð fyrir um vænta ávöxtun og áhættu helstu tegundaflokka innlána og verðbréfa. Aðferðafræði sjóðsins byggist á kenningum Harry Markowitz frá 1952 um

Samtrygging - tafla 1

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	I	II	Núverandi eignasamsetning	Hámark samkvæmt samþykktum	III	IV	V	VI
	Markmið um eignasamsetningu	Vikmörk*			Gengisbundin verðbréf	Vikmörk	Óskráð verðbréf	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	4,0%	4,0%	4,2%	8,0%	2,0%	2,0%		
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	22,0%	10,0%	25,9%	32,0%	2,0%	2,0%	1,0%	1,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2,0%	2,5%	3,1%	4,5%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	4,0%	4,0%	3,2%	8,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	14,0%	5,0%	13,6%	19,0%				
Hlutabréf	38,0%	10,0%	36,1%	48,0%	14,0%	5,0%	6,0%	3,0%
Hlutir og hluteildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	9,0%	5,0%	7,6%	14,0%	7,0%	5,0%	7,0%	5,0%
Önnur verðbréf	7,0%	5,0%	6,3%	12,0%	1,0%	1,0%	2,0%	1,0%
Samtals	100,0%		100,0%		28,0%	< 50%	18,0%	< 20%
Þar af UCIT-sjóðir	10,0%	5,0%	11,0%					

hagkvæmustu samsetningu verðbréfasafna og á þeirri forsendu að ávöxtun fylgi normaldreifingu. Fjárfestingarstefnan styðst við spá stjórnar og fjárfestingarráðs um vænta ávöxtun til framtíðar, reiknað flökt og samdreifni ávöxtunar.

Samtryggingardeildin notar ákveðnar vísitölur til viðmiðunar um árangur ávöxtunar einstakra eignaflokka. Viðmiðunarvísitala sjóðsins fyrir innlán í bönkum og sparisjóðum er óverðtryggð vísitala NASDAQ OMX á Íslandi með þriggja mánaða meðaltíma. Viðmiðunarvísitala innlendra víxla og skuldabréfa, að undanskildum fasteignaveðlánnum, er verðtryggð vísitala sömu kauphallar með fastan 10 ára líftíma (með mismunandi áhættuálagi eftir eignaflokkum).

Viðmið við ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins er heildarvísitala aðallista NASDAQ OMX á Íslandi (OMX IGI), arðgreiðsluleiðrétt.

Viðmið við ávöxtun erlendra hlutabréfaeigna sjóðsins er heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI ACWI), arðgreiðsluleiðrétt.

Önnur atriði

Í reglugerð nr. 916/2009 eru fleiri atriði sem höfð eru til hliðsjónar við mótun fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar sjóðsins. Sjóðfélögum er vilja kynna sér fjárfestingarstefnuna ítarlega er bent á upplýsingar á heimasíðu sjóðsins, stafir.is.



Stefanía Sunna Róbertsdóttir matreiðslunemi í kennslueldhúsi Menntaskólans í Kópavogi. Hún starfar á veitingastaðnum Galito á Akranesi.

Fjárfestingarstefna séreignardeildar

Séreignardeild Stafa lífeyrissjóðs býður þrjár fjárfestingaleiðir og geta sjóðfélagar nýtt sér eina eða fleiri samtímis.

Leið 1 - bundinn innlánsreikningur

Leið 1 er öruggasta sparnaðarleiðin og stefnt að því að halda ávöxtunarsveiflum í lágmarki. Leiðin hentar þeim sem vilja öryggi og kjósa vexti og verðtryggingu á séreignarsparnaðinn sinn. Höfuðstóllinn heldur verðgildi sínu en vextirnir eru breytilegir og að jafnaði þeir hæstu sem bjóðast á bundnum innlánum á hverjum tíma. Þar sem þessi leið felur í sér minnstu áhættuna er vænt ávöxtun hennar að sama skapi lægri til lengri tíma lítið. Sjóðurinn mælir með þessari sparnaðarleið fyrir þá sem nálgast töku lífeyris.

Séreignarleið I - tafla 2

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	I	II	Núverandi eignasamsetning	Hámark samkvæmt samþykktum	III	IV	V	VI
	Markmið um eignasamsetningu	Vikmörk*			Gengisbundin verðbréf	Vikmörk	Óskráð verðbréf	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	100,0%	0,0%	100,0%	100,0%	0,0%		0,0%	
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs								
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga								
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana								
Fasteignaveðtryggð skuldabréf								
Hlutabréf								
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu								
Önnur verðbréf								
Samtals	100,0%		100,0%		0,0%	< 50%	0,0%	< 20%

Leið 2 - skuldabréf

Í leið 2 er áhersla lögð á litlar sveiflur í ávöxtun en leitast er við að fjárfesta í verðtryggðum skuldabréfum sem að jafnaði gefa góða og stöðuga ávöxtun til lengri tíma. Í skuldabréfum felast loforð um fastar greiðslur í framtíðinni en ávöxtunin stjórnast af markaðsvöxtum þeirra bréfa sem keypt eru inn í skuldabréfasafnið. Hækkun eða lækkun á markaðsverði skuldabréfa hefur ekki áhrif á þau bréf sem þegar hafa verið keypt í safnið þar sem þau eru gerð upp á kaupkröfu. Ávöxtunin breytist því lítið út líftíma skuldabréfanna en á móti er þó nokkur endurfjárfestingaráhætta. Sjóðurinn mælir með þessari sparnaðarleið fyrir þá sem eru um miðbik starfsævinnar.

Séreignarleið II - tafla 3

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	I	II	Núverandi eignasamsetning	Hámark samkvæmt samþykktum	III	IV	V	VI
	Markmið um eignasamsetningu	Vikmörk*			Gengisbundin verðbréf	Vikmörk	Óskráð verðbréf	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	5,0%	5,0%	5,5%	10,0%				
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	27,0%	10,0%	30,9%	37,0%				
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	10,0%	5,0%	12,9%	15,0%			1,0%	1,0%
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	7,5%	5,0%	2,6%	12,5%			0,5%	0,5%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	25,0%	5,0%	23,4%	30,0%				
Hlutabréf	0,5%	0,5%	0,6%	1,0%			0,5%	0,5%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0,0%	5,0%	0,0%	5,0%				
Önnur verðbréf	25,0%	5,0%	24,1%	30,0%			10,0%	5,0%
Samtals	100,0%		100,0%		0,0%	< 50%	12,0%	< 20%

Leið 3 - hlutabréf og skuldabréf

Leið 3 er áhættumesta sparnaðarleiðin sem Stafir bjóða og þar má búast við sveiflukenndri ávöxtun. Á móti koma væntingar um góða langtímaávöxtun. Fylgt er sambærilegri stefnu í fjárfestingum og hjá samtryggingardeild Stafa, þ.e. blöndu af hlutabréfum og skuldabréfum. Sjóðurinn mælir með þessari sparnaðarleið fyrir þá sem eiga langt í töku lífeyris og þola því sveiflukennda ávöxtun. Yngsta aldurshópnum er ráðlagt að ráðstafa lífeyrissparnaði sínum að minnsta kosti að hluta í þessa leið og að hluta í leið 2.

Þess ber að geta að leiðir 2 og 3 nota sömu vísitölur sem árangursviðmið ávöxtunar og samtryggingardeildin.

Séreignarleið III - tafla 4								
Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	I	II	Núverandi eignasamsetning	Hámark samkvæmt samþykktum	III	IV	V	VI
	Markmið um eignasamsetningu	Vikmörk*			Gengisbundin verðbréf	Vikmörk	Óskráð verðbréf	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparisjóðum	4,0%	4,0%	5,6%	8,0%	2,0%	1,0%		
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	13,0%	5,0%	13,7%	18,0%	5,0%	5,0%		
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,0%	3,0%	4,6%	7,0%			1,0%	1,0%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	7,0%	4,0%	6,2%	11,0%			2,0%	2,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	4,0%	2,5%	4,1%	6,5%				
Hlutabréf	50,0%	10,0%	49,6%	60,0%	33,0%	5,0%	2,0%	2,0%
Hlutir og hluteildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1,0%	2,0%	0,9%	3,0%	2,0%	2,0%	1,0%	1,0%
Önnur verðbréf	17,0%	10,0%	15,5%	27,0%			5,0%	5,0%
Samtals	100,0%		100,0%		42,0%	< 50%	11,0%	< 20%
þar af UCIT-sjóðir	32,0%	5,0%	27,0%					



Berglind Kristjánsdóttir framreiðslunemi þjónar gestum til borðs í veislu sem efnt var til og var hluti útskriftarverkefnis verðandi kokka og þjóna í Menntaskólanum í Kópavogi.



Framtíðargreiðsluflæði sér-eignardeilda

Heimilt er að greiða út lífeyrissparnað þegar réttthafi er orðinn sextugur. Jafnframt er heimilt að greiða lífeyrissparnaðinn út í einu lagi við fráfall sjóðfélaga. Þá var tímabundið heimilað að greiða úr sér-eign allt að 9 milljónir króna óháð aldri þó að hámarki 600 þúsund krónur á mánuði. Sú undanþága rann út í árslok 2014. Talsverðar útgreiðslur voru vegna þessa fyrstu ár ákvæðisins en á sl. þremur árum hefur dregið úr þeim.

Snemma á árinu 2014 var lagt fram frumvarp um heimild til að nota sér-eignarsparnað til að greiða inn á lán og til húsnæðissparnaðar af óskattlögðum tekjum. Undir lok árs 2015 höfðu tæplega 30% af virkum sjóðfélögum sér-eignardeildar Stafa sótt þess heimild.

Að því gefnu að hver sjóðfélagi nýti sér hámarkið (1.500 þús. kr.) má gera ráð fyrir að um 130 milljónir kr. af iðgjöldum til sér-eignarleiðanna þriggja ráðstafist inn á lán sjóðfélaga eða til húsnæðissparnaðar á ári næsta eina og hálfu árið. Tekið er tillit til þessa við mat á framtíðargreiðsluflæði hjá öllum leiðum sér-eignar.

Auk áðurgreinds er spá um þróun lífeyrisbyrðar á næstu árum byggð á þegar gerðum samningum um útgreiðslu. Einnig hefur verið tekið tillit til mögulegra flutninga á milli deilda og frá sjóðnum. Mat á þeirri áhættu að sjóðfélagar flytji réttindi frá sjóðnum byggist á reynslu sér-eignardeildar síðustu misseri.

Frá árinu 2008 hefur fólk flutt réttindi til Stafa, en engu að síður er gert ráð fyrir að mögulega kunni sjóðfélagar að flytja allt að 10% eigna frá sjóðnum. Þá hefur verið tekið tillit til greiðsluflæðis af skuldabréfaeign sem styrkir sjóðstreymi til sér-eignardeildar. Þessi þróun mun leiða til þess að áætlað greiðsluflæði vegna áðurgreindra þátta muni nema liðlega 40% af ráðstöfunarfé til nýfjárfestinga næsta eina og hálfu árið á meðan heimild er til að ráðstafa iðgjöldum sér-eignar sem greiðslu inn á lán eða til húsnæðissparnaðar. Eftir þann tíma má áætla að hlutfallið hækki í 55%.

Þessi þróun hefur í för með sér að gæta þarf sérstaklega að seljanleika verðbréfa, án þess að það dragi úr væntri ávöxtun.

Annað, sem áhrif hefur á lífeyrisbyrði og framtíðargreiðsluflæði, eru útgreiðslur vegna örorku en þeim þarf að dreifa á sjö ár m.v. 100% orkutap og yfir lengri tíma ef orkutap er minna. Það er mat Stafa að þessi þáttur hafi ekki teljandi áhrif á lífeyrisbyrði og greiðsluflæði lífeyris til framtíðar.

Önnur atriði

Í reglugerð nr. 916/2009 eru fleiri atriði sem höfð eru til hliðsjónar við mótun fjárfestingarstefnu sér-eignardeildar Stafa lífeyrissjóðs. Sjóðfélögum er vilja kynna sér fjárfestingarstefnu leiðanna þriggja ítarlegar er bent á upplýsingar á heimasíðu sjóðsins, stafir.is.



Stúdíó Sýrland. **Kristinn Sigurpáll Sturluson** leiðbeinir tveimur nemum í hljóðtækni við stjórnborð í hljóðverinu, **Sigríði Rut Gyrðisdóttur** og **Herði Brynjari Halldórssyni**.



Vöruhús Samskipa. **Guðrún Guðnadóttir** lærir að nota vöruhyftara. **Piotr Luczak** leiðbeinir.

Lífeyrir

Meginhlutverk lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Með aðild að Stöfum lífeyrissjóði ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs eftirlaunalífeyris frá 60 ára aldri. Langstærstur hluti lífeyrisgreiðslna kemur til vegna eftirlaunalífeyris og er hann greiddur til æviloka en einnig koma til greiðslur vegna örorku eða andláts sjóðfélaga.

Heildarlífeyrisgreiðslur úr samtryggingardeild voru 3.300 milljónir króna 2015 og er það 6,9% aukning frá fyrra ári. Lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum nam 67% á árinu 2015 en var 66,7% árið áður.

Eftirlaunalífeyrir

Greiðslur eftirlaunalífeyris námu 2.411 milljónum króna og jukust um 8,1% frá fyrra ári. Á árinu 2015 hóf 631 sjóðfélagi töku eftirlaunalífeyris, 11,1% færri en árið 2014. Í lok árs voru 3.505 sjóðfélagar á eftirlaunalífeyri.

Heildarhlutfall eftirlaunalífeyris af greiðslum úr samtryggingardeild var 73,1%.

Örorkulífeyrir

Greiðslur til örorkulífeyrisþega námu 525 milljónum króna og lækkuðu þar með um 2,3% frá fyrra ári. Nýir örorkulífeyrisþegar voru 206 talsins en árið 2014 voru þeir 227. Þeim fækkaði um 9,3%. Örorkulífeyrisþegar í árslok 2015 voru 1.104 samanborið við 1.013 í lok árs 2014, fjölgun um 9%. Hlutfall örorkulífeyris af greiðslum úr samtryggingardeild var 16,4%, það er 1% lægra hlutfall en árið áður.

Makalífeyrir

Lífeyrisgreiðslur vegna makalífeyris námu 304 milljónum króna og jukust um 4,8% frá fyrra ári. Nýir makalífeyrisþegar voru 88, 6,4% færri en árið á undan. Í lok árs voru einstaklingar á makalífeyrisgreiðslum 807 eða 14 færri en árið áður. Hlutfall makalífeyris af greiddum lífeyri í samtryggingardeild var 9,2%.


Fjöldi lífeyrisþega í árslok

	2015	2014	Breyting
Eftirlaunalífeyrir	3.508	3.274	7,1%
Örorkulífeyrir	1.104	1.013	9,0%
Makalífeyrir	807	821	-1,7%
Barnalífeyrir	122	128	-4,7%
Samtals	5.541	5.236	5,8%


Lífeyrisgreiðslur í milljónum kr.

	2015	2014	Breyting
Eftirlaunalífeyrir	2.412	2.230	8,1%
Örorkulífeyrir	525	537	-2,3%
Makalífeyrir	304	290	4,8%
Barnalífeyrir	40	30	35,8%
Samtals	3.281	3.087	6,3%

Lífeyrisgreiðslur



Skipting lífeyrisgreiðslna



Barnalífeyrir

Barnalífeyrir er greiddur vegna andláts eða örorku sjóðfélaga. Greiðslur vegna barnalífeyris námu 40 milljónum króna árið 2015. Nýir barnalífeyrisþegar voru 50 árið 2015 en 56 árið 2014. Hlutfall barnalífeyris af greiddum lífeyri í samtryggingardeild var 1,3%.

Séreignardeild

Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu 159 milljónum króna á árinu 2015 en 299 milljónum króna árið áður. Ef til vill skýrist þessi lækkun á útgreiðslum með því að í byrjun árs 2015 féll úr gildi tímabundin heimild til að taka út séreignarsparnað fyrir 60 ára aldur en 48% af heildarútgreiðslum 2014, 144 milljónir króna, voru með vísan til þessarrar heimildar.

Heimild til að lækka höfuðstól láns með séreignarsparnaði

Á árinu 2014 samþykktu stjórnvöld að heimila einstaklingum að greiða viðbótarlífeyrissparnað skattfrjálst inn á fasteignalán á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, samtals 1.500.000 kr. fyrir einstaklinga og 2.250.000 kr. fyrir hjón eða sambýlinga. Af 1.097 virkum sjóðfélögum Stafa í séreignardeild árið 2015 var 271 sem nýtti sér heimildina. Samtals voru greiddar 119,5 milljónir króna úr séreignardeild Stafa inn á fasteignalán þeirra sjóðfélaga.

Virk starfsendurhæfingarsjóður

Stafir eiga gott samstarf við Virk starfsendurhæfingarsjóð. Hann var stofnaður af aðilum vinnumarkaðarins á árinu 2009 og hefur það hlutverk að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Það gerist með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.



Eiður Logi Hjaltason, nemi í framreiðslu. dúkar borð fyrir veislu sem var hluti af útskriftarverkefni í Menntaskólanum í Kópavogi.

Tryggingafræðileg staða

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur kannaði tryggingafræðilega stöðu Stafa lífeyrissjóðs í lok árs 2015 í samræmi við ákvæði 8. greinar samþykktar sjóðsins. Athugunin var gerð í samræmi við ákvæði í lögum nr. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu sjóðsins í lok árs 2015.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samþanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Stafir lífeyrissjóður veitir réttindi í samtryggingu og rekur auk þess séreignardeild. Er hér eingöngu fjallað um skuldbindingar og eignir tryggingardeilda. Samþykktum sjóðsins var breytt á árinu 2015 en breytingar lutu ekki að ákvæðum um öflun réttinda eða áunnin réttindi. Árið 2013 var samþykkt áætlun um jöfnun áfallinnar tryggingafræðilegrar stöðu með lækun réttinda sem áunnin voru fram til loka árs 2012. Í samræmi við þá áætlun voru réttindi áunnin 2012 og fyrr lækkuð um 4,5% í september 2013 og um 2% árið 2015.

Mat á skuldbindingum byggist á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttinda-bókhaldi sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhaldi sjóðsins.

Helstu reikniforsendur:

- Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega.
- Lífslíkur sjóðfélaga og réttthafa eru samkvæmt íslenskri reynslu 2007-2011.
- Örorkulíkur sjóðfélaga svara til 65% af reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 1998-2002.

Reikniforsendur eru hinar sömu og notaðar voru við síðustu tryggingafræðilega athugun.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabíla fram til loka 2015, kallast áfallnar skuldbindingar. Heildarlífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins, að meðtöldum iðgjöldum en frádrögnum kostnaði vegna fjárfestinga, reiknast 204.367,6 milljónir króna og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 203.479,7 milljónir króna. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því 887,9 milljónir króna eða 0,4% af skuldbindingum.

Staða sjóðsins batnaði töluvert á árinu en skuldbindingar voru um 4,6% af skuldbindingum umfram eignir í lok árs 2014. Betri stöðu má einkum rekja til góðrar ávöxtunar sjóðsins á liðnu ári.

Staða sjóðsins er innan þeirra almennu marka sem áskilin eru í lögum nr. 129/1997 um að munur eigna og skuldbindinga fari ekki umfram 10% eða samfelld yfir 5% fimm ár í röð.

Eignir sjóðsins, að frádrögnum mati á fjárfestingarkostnaði og án verðmætis iðgjalda, reiknast 134.074,0 milljónir króna og áfallnar skuldbindingar 138.378,4 milljónir króna. Mismunur er því -4.304,4 milljónir eða -3,1%. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í samþykktum Stafa lífeyrissjóðs er gert ráð fyrir að jafnvægi verði náð fyrir áfallna stöðu í lok árs 2016.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reiknaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur á niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítil, og einnig

vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og öðrum forsendum áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Sagan í hnotskurn

Stafir lífeyrissjóður hóf starfsemi í núverandi mynd 1. janúar 2006 með sameiningu Lífeyrissjóðsins Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins. Sjóðurinn hefur síðan starfað í einni samtryggingardeild. Lífiðn tók upp aldurstengt réttindakerfi árið 2002 og var réttindakerfi Lífiðnar tekið upp sem réttindakerfi Stafa lífeyrissjóðs. Samvinnulífeyrissjóðurinn hafði frá 1998 tvær deildir, stigakerfi með jafnri réttindaöflun óháð aldri, sem var lokað fyrir innngöngu nýrra sjóðfélaga, og svo aldurstengt kerfi. Við sameiningu sjóðanna voru áunnin réttindi fyrir sameiningu varðveitt óbreytt eftir þeim samþykktum sem í gildi voru í hvorum sjóð við sameiningu.

Réttindaákvæði

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktar sem gildi tóku 10. júlí 2015.

Lífeyrisréttindi sem samtryggingardeild veitir eru ævilangur ellilífeyrir frá 67 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi því er veitt hefur honum aðild að sjóðnum og örorka er metin a.m.k. 50%, makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða tóku örorkulífeyris.

Makalífeyrir er tímabundinn, 36 mánuðir að fullu og síðan hálfur í 24 mánuði til viðbótar. Fullur makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti. Þó er greiddur makalífeyrir allt til 19 ára aldurs yngsta barns og einnig til 67 ára aldurs ef maki er öryrki við fráfalið sjóðfélagi. Ef sjóðfélagi uppfyllir tiltekin skilyrði um greiðslu iðgjalda til sjóðsins er við greiðslu örorku- og makalífeyris, auk áunnins lífeyrisréttar, miðað framreiknaðan rétt. Með því er átt við þann rétt sem sjóðfélagi hefði öðlast með greiðslu ið-

gjalda til 65 ára aldurs miðað við meðaltal iðgjaldagreiðslna hans síðustu fimm ár fyrir örorku eða andlát.

Þess skal getið að við mat skuldbindinga er gert ráð fyrir að eftirlaunaaldur örorkulífeyrisþega sé hinn almenni eftirlaunaaldur í sjóðnum en ekki framreikningsaldur enda hefur þeirri reglu verið fylgt við úrskurði lífeyris.

Lífeyrisréttindi eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Samvinnulífeyrissjóðurinn var upphaflega stofnaður árið 1939 og var aðild að honum byggð á því að hann er fyrirtækjasjóður. Eftir samruna Lífeyrissjóðsins Lífíðnar við Samvinnulífeyrissjóðinn árið 2006 er aðild að Stöfum lífeyrissjóði einnig byggð á ákvæðum kjarasamninga aðildarfélaga Rafiðnaðarsambands Íslands og Matvæla og veitingafélags Íslands. Þá geta einstaklingar öðlast aðild að lífeyrissjóðnum.

Ofangreind samantekt um ákvæði samþykkt er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til 4. greinar um aðild að sjóðnum, 12. - 15. greinar samþykktar varðandi skilyrði fyrir rétti til tóku lífeyris og réttindaákvæði, til 10. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 11. greinar um grundvöll lífeyrisréttinda og verðtryggingu.

Á árinu 2009 var ákvæðum samþykkt Stafa breytt. Áunnin réttindi í lok árs 2008 voru lækkuð um 6% og réttindaöflun til framtíðar lækkuð um svipað hlutfall. Þá var dregið úr vægi makalífeyrisréttinda frá því sem verið hafði. Réttindi til makalífeyris, sem áunnin voru fyrir þann tíma, haldast óbreytt að öðru leyti en því að taka 6% lækkun líkt og önnur réttindi. Árið 2010 var svo aftur ákveðin 10% lækkun réttinda eins og áður sagði.

Á ársfundi 2013 var samþykkt áætlun um að tryggingafræðilega jafnvægi skyldi náð á milli eigna sjóðsins og áfallinna skuldbindinga. Skyldi jafnvægi náð með lækkun réttinda sem áunnin voru fyrir lok árs 2012 og stefnt að því að jafnvægi yrði náð á 48 mánuðum, frá 1. júlí 2013 að telja. Í samræmi við þessa áætlun voru réttindi áunnin fyrir 2012 lækkuð um 4,5% í september 2013. Gagnvart lífeyrisþegum kom lækkunin fram á níu mánaða tímabili,

0,5% í hvert sinn. Réttindi voru lækkuð um 2% 2015 og hefur góð ávöxtun sjóðsins undanfarin ár bætt tryggingafræðilega stöðu umtalsvert og dregið úr þörf á skerðingum samkvæmt þessu ákvæði.

Eins og fram kemur hér að framan eiga núgildandi ákvæði samþykkt Stafa lífeyrissjóðs, um ákvörðun réttinda eftir greiddum iðgjöldum, ekki við um iðgjöld allra iðgjaldatímabila hjá öllum sjóðfélögum.

Helstu gögnum sem stuðst er við

Réttindabókhalda sjóðsins er vistað hjá Inít ehf. og fengust þaðan upplýsingar um réttindaöflun og greiðslur til lífeyrisþega. Eru þær skrár sem Inít ehf. lét í té eftirfarandi:

1. Lífeyrisþegar og greiðslur til þeirra í desember 2015. Hér er tilgreind tegund lífeyris, fjárhæð, hvenær greiðslum lýkur eða þær verða endurskoðaðar ef um er að ræða maka- eða barnalífeyri og auðkenni maka fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Er unnt að undanskilja greiðslur vegna umsjónarnefndar eftirlauna sem Stafir lífeyrissjóður fær endurgreiddar og eiga því ekki að teljast til skuldbindinga sjóðsins.
2. Réttindaöflun og iðgjaldagreiðslur allra einstaklinga sem greitt hafa eða greitt hefur verið fyrir til sjóðsins ár fyrir ár og auk þess sundurliðun eftir mánuðum fyrir árin 2011-2015.
3. Einstaklingar sem tilgreindir eru liðum 1 og 2 með upplýsingum um fæðingardag og mánuð og eftir atvikum dánarár og mánuð og auðkenni maka.
4. Yfirlit yfir skráningu réttinda eftir iðgjalda- og almanaksárum fyrir sjóðinn sem heild.

Einstaklingar eru ekki auðkennir með kennitölu í liðum 1-3 heldur sérstökum lykli sem Inít ehf. ákveður.

Með því að fella úr skrá um áunnin réttindi látna og þá sjóðfélaga sem farnir eru að taka lífeyri fást áunnin réttindi annarra en lífeyrisþega. Sérstaklega eru síðan talin réttindi sem lífeyrisþegar, sem ekki eru orðnir 70 ára, hafa áunnið sér eftir að taka lífeyris hófst.

Með athugun á skráningu réttinda eftir skráningar- og iðgjaldatímabilum undanfarin ár má ætla að um 13% af réttindum síðasta almanaksárs hafi ekki verið skráð í lok ársins.

Þá eru skráðar í ársreikning um 424 milljónir króna vegna áætlaðra iðgjalda sem ekki hafa verið bókuð í réttindakerfi. Áætlaðri lífeyrisskuldbindingu vegna þeirra er bætt við áfallnar skuldbindingar.

Við áætlun vegna framtíðar er bætt þeim hluta iðgjalda 2015 sem áætlað er að séu ógreidd eða 13%, að frádreginni þeirri fjárhæð sem færð var til hækkunar áunninna skuldbindinga.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabila 2016 og síðar, sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins, er miðað við að allir sem öðluðust réttindi á árinu 2015 muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi til framtíðar, að teknu tilliti til 13% álags sbr. hér að framan. Er þessi hópur sjóðfélaga kallaðir virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallaðir óvirkir sjóðfélagar.

Úr ársreikningum sjóðsins fengust upplýsingar um kostnað við rekstur síðastliðin þrjú ár og auk þess um eignastöðu sjóðsins og úr verðbréfakerfi eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa og gengi eigna með breytilegar tekjur á markaðsverði.

Iðgjaldagreiðslur ársins 2015 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2015 bornar saman við lífeyrisgreiðslu ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi en gögn hafa ekki verið sannreynnd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

Reikniforsendur og reikniaðferðir

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að

sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóði verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð nr. 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við mat á stöðu lífeyrissjóða og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur.

Við tryggingafræðilega athugun Stafa lífeyrissjóðs 2015 eru notaðar íslenskar dánar- og eftirlífendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á reynslu árána 2007-2011. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá. Þá er um fjölda barna

byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku eru notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, með 35% lækkun örorkutíðni. Forsendur eru hinar sömu og notaðar voru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins 2014.

Lífeyrisréttindi eru eins og áður sagði verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og er gert ráð fyrir að vextir verði 3,5% umfram hækkun vísitölnnar.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður meðaltal kostnaðar árin 2013-2015, uppfært til verðlags í lok árs 2015 (gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2016) og ætlað fyrir sama kostnaði í 50 ár núvirt með sömu vöxtum og lífeyrisskuld-



bindingar. Rekstrarkostnaði er skipt milli áfallinna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda.

Til lækkunar á eign er færður áætlaður skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna fjárfestinga til framtíðar og er sú áætlun gerð með sama hætti og áætlun varðandi rekstrarkostnað.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar úttektir og þær reikniforsendur sem Félagi Íslenskra tryggingastærðfræðinga var með sömu reglugerð falið að gefa út til nota við tryggingafræðilegar athuganir. Þó er nýtt heimild til lækkunar á örorkutíðni sjóðsins og er eins og áður sagði notast við 65% af almennri örorkutíðni.

Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir, sbr. umfjöllun í kaflanum um gögn hér að framan. Samtala áfallinna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga nefnist heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins.

Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2015 færðan til verðlags í janúar 2016.

Fyrir aðra sjóðfélaga en lífeyrisþega er reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins miðað við réttindi og greidd iðgjöld 2015.

Þegar framtíðarskuldbinding og verðmæti framtíðariðgjalda eru reiknuð er miðað við óbreyttar iðgjaldgreiðslur núverandi sjóðfélaga til starfsloka frá því sem var á árinu 2015. Tekið er tillit til 13% álags vegna óskráðra iðgjalda ársins en reiknað á föstu verðlagi, þannig að ekki er gert ráð fyrir launahækkunum umfram hækkun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

Lífeyrisaldur er settur 67 ár eða aldur sjóðfélaga sé hann hærri.

Eignir sjóðsins, sem bera fastar tekjur, eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verðbólumarkmið Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%. Útreikningar á núvirði eigna með fastar tekjur eru framkvæmdir af starfsmönnum sjóðsins. Þá eru eignir með breytilegar tekjur, skráðar á skipulegum markaði, metnar á því sem lægra er, markaðsverði í árslok eða meðaltali markaðsverðs síðustu þriggja mánaða ársins.

Þau frávik sem með þessu koma fram frá bókfærðu verði eignanna í ársreikningi eru skráð sem endurmat eigna.

Niðurstöður

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda.

Sjóðurinn fékk á árinu 2015 greitt fjárframlag frá ríkissjóði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990 um trygginga-

gjald. Ekki er ætlað fyrir þessu framlagi til framtíðar, enda hefur sjóðurinn ekki sett í samþykktir sínar ákvæði um ráðstöfun framlagsins, sbr. ákvæði rg. 391/1998.

Breyting á stöðu Stafa frá lokum árs 2014

Helstu þættir sem hafa áhrif á stöðu sjóðsins eru ávöxtun, lýðfræðilegir þættir og rekstrarkostnaður.

Ávöxtun sjóðsins, að teknu tilliti til endurmats, reiknast um 8,8% á árinu eða meira en tvöfalt það sem gert er ráð fyrir í reikniforsendum og bætir stöðu sjóðsins verulega. Mat á rekstrarkostnaði lækkar einnig lítillega sem hlutfall skuldbindinga.

Afkoma lýðfræðilegra þátta virðist mjög nærri því sem gert er ráð fyrir í forsendum.

Staða sjóðsins batnaði töluvert á árinu, áfallin staða fór úr -10,2% í -3,1% og heildarstaða úr -4,6% í 0,4%.

Góð ávöxtun er meginskýring á breytingu stöðunnar, auk 2% lækkunar réttinda sem áður hefur verið nefnd.

Tryggingafræðileg staða Stafa lífeyrissjóðs 2015 – fjárhæðir í milljónum króna

EIGNIR			
	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	134.984,1		134.984,1
Fjárfestingagjöld:	-2.838,7		-2.838,7
Endurmat:	1.928,6		1.928,6
Iðgjöld:		70.293,6	70.293,6
Samtals:	134.074,0	70.293,6	204.367,6
SKULDBINDINGAR			
	Áunnið	Framtíð	Heildar
Ellilífeyrir:	114.774,9	52.109,1	166.884,0
Örorkulífeyrir:	9.588,1	6.978,3	16.566,4
Makalífeyrir:	12.187,1	3.500,3	15.687,4
Barnalífeyrir:	67,5	790,8	858,3
Kostnaður:	1.760,8	1.722,8	3.483,6
Samtals:	138.378,4	65.101,3	203.479,7
Mismunur:	-4.304,4	5.192,3	887,9
Hlutf. af skuldb.	-3,1%	8,0%	0,4%

Áhættustefna

Lífeyrissjóðum ber skylda til að koma upp heildaráhættustýringu, sbr. ákvæði laga og reglugerða, auk þess sem almenn viðskipta- og neytendasjónarmið kalla á hana. Samkvæmt lögum og reglum um lífeyrissjóði ber Stöfum lífeyrissjóði að taka tillit til áhættu og setja sér markmið og viðmið um áhættu ekki síður en um ávöxtun. Stjórn lífeyrissjóðs skal móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins, samkvæmt 9. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

Sjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu sem tekur mið af leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2013, um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingardeilda og leiðbeinandi tilmæla nr. 2/2013, um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluðila séreignarsparnaðar. Á árinu 2015 var áhættustefna sjóðsins endurskoðuð og samþykkt af stjórn og framkvæmdastjóra 30. nóvember 2015.

Meginmarkmið áhættustefnu Stafa er að skilgreina þá áhættu sem sjóðurinn mælir og stýrir. Með því stuðlar sjóðurinn að því að ná settum markmiðum í starfsemi sinni ásamt því að fylgjast með að lögum, reglum, samþykktum sjóðsins og að öðrum innri reglum sé fylgt. Markmið með áhættustýringu Stafa er að minnka líkur á skerðingu á réttindum sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Í áhættustefnu er skipulag heildstæðrar áhættustýringar skilgreint sem eftirlitskerfi, sem felur í sér reglur, verkferla og verklag sem sameiginlega miða að því að greina, mæla, meta, stýra og fylgjast með áhættum í starfsemi lífeyrissjóðsins. Áhættustýringarferli sjóðsins má skipta í sjö þætti, sbr. myndina hér á síðunni.

Áhættumat

Áhættumat er grunnur að áhættustefnu og áhættustýringu Stafa. Áhættumat Stafa er uppbyggt að fyrirmynd AIRMIC Enterprise Risk Management Process. Áhættumat felur í sér áhættugreiningu og áhættumæl-

Markmið Stafa lífeyrissjóðs

Árlega	Áhættugreining (e. risk assessment) – Áhættugreining [e. risk analytics] Skilgreining áhættuþátta [e. risk identification] Lýsing áhættuþátta [risk description] Áætlun [e. risk estimation] – Áhættumæling [e. risk evaluation]
Árfjórðungslega	Skýrslugjöf um áhættustýringu [e. risk reporting] Ákvörðun stjórnar [e. decision]
Daglega/vikulega	Viðbrögð við áhættu [e. risk treatment] Skýrslugjöf um afgangaráhættu [e. residual risk reporting] Áhættueftirlit og hliting [e. monitoring]

ingar. Áhættugreining samanstendur af því að auðkenna áhættuþætti og leggja mat á þá. Við auðkenningu áhættuþátta verður að skilgreina möguleg atvik sem geta haft neikvæð áhrif á markmið sjóðsins. Þegar áhættan hefur verið auðkennd er hún skilgreind. Gert er áhættukort (e. risk map) þar sem neikvæðum atvikum er lýst. Þegar áhættukortið hefur verið mótað eru metnar líkur á því að tilteknir atburðir þróist þannig að einstök greind áhætta verði að veruleika (líkur) og hins vegar hvaða afleiðingar það hefði fyrir sjóðinn ef atburðir þróast þannig (afleiðingar).

Áhættumatið þarf að vera tengt markmiðum sjóðsins og þeim ávinningi sem vænst er með því að taka áhættu. Áhættumat felur í sér stærðargreiningu eða einhvers konar verðlagningu á áhættu en eðli máls samkvæmt er ekki hægt að mæla alla áhættu með sama kvarða.

Samspil fjárfestingarstefnu og áhættustefnu

Eitt af meginhlutverkum stjórnar lífeyrissjóðs er að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins. Samhliða þeirri vinnu er talið mikilvægt að stjórn móti meginreglur og markmið með langtíma fjárfestinga- og áhættustefnu til að minnsta kosti þriggja ára er innihalda helstu ferla heildar áhættustýringar varðandi eigna- og skuldbindingajöfnuð sjóðsins. Við mótnun fjárfestingarstefnu er mikilvægt að stjórn geri sér grein fyrir áhættuþoli (e. risk tolerance) og áhættuvilja (e. risk appetite) í hverjum eignaflokki. Við mótnun áhættustefnu liggur til grundvallar mat á núverandi stöðu

sjóðsins og þróun til framtíðar. Greind eru áhrif mismunandi eignasamsetningar eftir eignaflokkum á vænta áhættu og ávöxtun m.a. með framfallsgreiningu (e. effective frontier). Fjárfestingarstefna sjóðsins á að vera skýr og tilgreina nákvæmlega í hvaða eignaflokkum sjóðnum er heimilt að fjárfesta og hversu hátt hlutfall hver eignaflokkur má vera af heildareignum sjóðsins. Stjórn ber að hafa eftirlit með fjárfestingum sjóðsins og að þær séu í fullu samræmi við fjárfestingarstefnu og lög, sem gert er með svokölluðum hlitingaskýrslum.

Samhliða vinnu við fjárfestingarstefnu sjóðsins skilgreinir stjórn sjóðsins mælanleg vikmörk um tiltekna áhættuþætti, en eins og gefur að skilja er slíkt ekki möglegt fyrir alla áhættuþætti, sbr. orðsporsáhætta. Meginmarkmiðið með því að setja mælanleg vikmörk er að öðlast yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í tengslum við gerð fjárfestingarstefnu og auka áhættuvitund. Viðmiðin endurspeglar áhættuvilja og áhættuþol stjórnar. Dæmi um mælanleg vikmörk má sjá nánar undir umfjöllun um vaxtaáhættu.

Skilgreining á áhættu

Áhætta er skilgreind sem öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Þessi áhætta nær bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum. Með áhættu er átt öll þau atvik sem hafa marktækt áhrif á fjárhagslega stöðu sjóðsins. Nær þessi áhætta bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum.

Skipulag áhættustýringar

Eitt af hlutverkum stjórnar er að marka stefnu og hafa eftirlit með starfsemi sjóðsins. Liður í því eftirliti er innleiðing og samþykki áhættustefnu. Í áhættustefnu Stafa er lögð áhersla á ábyrgð og skyldur stjórnar og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins við heildstæða áhættustýringu. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að með heildar áhættustýringu séu þróaðar og innleiddar aðferðir til að greina, mæla, fylgjast með, meta og stýra þeim áhættum sem starfseminni fylgja ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum. Að framkvæmd áhættustýringar koma viðkomandi stjórnendur og starfsmenn sjóðsins ásamt forstöðumanni áhættustýringar.

Í áhættustefnu eru skilgreindar fjórar megináðferðir við að stýra og/eða eftir atvikum takmarka áhættu, en þær eru:

1. Að draga úr áhættu
2. Að forðast áhættu
3. Að yfirfæra áhættu
4. Að viðurkenna áhættu

Með áhættuskýrslu til stjórnar þarf stjórn ásamt stjórnendum sjóðsins og endurskoðunarnefnd að leggja mat á það hvernig tókst til við áhættustýringuna. Þau atriði sem þarf m.a. að meta er hvort einhverju sé ábótavant, einhverju ofaukið, vikmörk séu eðlileg eða hvort breyta eigi tíðni mælinga. Áhættustefnu sjóðsins er síðan breytt í samræmi við það. Ef tiltekni atburðir raungerast, sem talið er að geti haft mikilsháttar áhrif á stöðu sjóðsins, virkjast heildstæð viðbragðsáætlun Stafa.

Áhættuflokkar

Samkvæmt áhættustefnu Stafa eru áhættuþættir í starfsemi Stafa flokkaðir í

fimm megináhættuflokka:

1. Fjárhagsleg áhætta
2. Mótaðilaáhætta
3. Lausafjáraáhætta
4. Lífeyrstryggingaáhætta
5. Rekstraráhætta

Þessi flokkun á áhættu byggist á leiðbeiningum GARP (e. Global Association of Risk Professionals) og skýrslu alþjóðasamtaka tryggingastærðfræðinga IAA (International Actuarial Association) með aðlögun að starfsemi lífeyrissjóða, ásamt leiðbeiningum OECD/IOPS fyrir lífeyrissjóði um áhættustýringarkerfi.

Fimm ofangreindir megináhættuflokkar skiptast síðan í 28 undirflokkar (áhættuþætti). Til upplýsingar er hér gerð grein fyrir nokkrum áhættuþáttum. Sú flokkun sem gerð er í áhættustefnu byggir á eðli áhættunnar, en mikilvægt er að hafa í huga að áhætta er breytilegt ástand en ekki stöðugt. Því verða stjórn og starfsmenn Stafa að meta það á hverjum tíma hvar mesta áhættan liggir í rekstri sjóðsins og haga aðgerðum í samræmi við það mat.

Fjárhagsleg áhætta

Fjárhagsleg áhætta eða markaðsáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreikninga vegna breytinga á markaðsvirði þessara liða, þar á meðal breytinga á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa. Gæta skal að markaðsáhættu með vel dreifðu eignasafni með hagkvæmasta samvali verðbréfa.

Það er eðlilegur þáttur í starfsemi Stafa að innleiða verkferla og vinnulag sem gerir sjóðnum kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna með hliðsjón af

eignasafninu á hverjum tíma. Þannig er stjórnendum Stafa gert kleift að meta með nákvæmum hætti virði eignasafnsins og undirliggjandi áhættur í safninu.

Fjárhagsleg áhætta Stafa er skilgreind í sjö flokkum:

1. Vaxtaáhætta
2. Uppgreiðsluáhætta
3. Markaðsáhætta
4. Gjaldmiðlaáhætta
5. Ósamræmisáhætta
6. Verðbólguáhætta
7. Áhætta vegna eigna og skuldbindinga utan efnahags

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er skilgreind sem hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Vaxtaáhætta er unnt að mæla með meðallíftímaaðferð (e. duration based method) sem og breytinguna á virði safnsins vegna breytingar á stýrivöxtum og vaxtabreytingar á íslenskum ríkisverðbréfum. Sjóðurinn hefur sett mælanleg vikmörk um vaxtaáhættu sem er að 100 punkta (bp.) hækkun á kröfu valdi ekki meiri breytingu til lækkunar á virði heildareignasafns en sem nemur 5%. Vaxtaáhætta hefur verið reiknuð með því að skoða kaupkröfu fyrir allt skuldabréfasafn Stafa þar sem 100 punkta álagi hefur verið bætt á kaupkröfu safnsins.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem hættan á lækkun á markaðsvirði verðbréfa, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Mælikvarði Stafa á markaðsáhættu slíkra verðbréfa er jafnan flökt ávöxtunar verðbréfa sjóðsins reiknað sem frávik ávöxtunar. „Fjárhæð í húfi“- útreikn-

	31.12.2015	31.12.2014	31.12.2013
Bókfært verð skuldabréfa	68.400.723.992	65.859.650.886	60.203.761.116
Virði m.v. 100 pk. hækkun á kröfu	63.509.966.889	60.802.913.415	56.019.388.099
Breyting	4.890.757.103	5.056.737.471	4.184.373.017
Áhrif á heildareignasafn Stafa	3,51%	4,09%	3,94%

ingur (VaR, e. Value at Risk) er þekkt aðferðafræði í fjármálastærðfræði til að meta líkur á hámarkstapi sem getur orðið vegna breytinga á markaðsvirði eigna m.v. 99% líkur, þ.e. 1% líkur eru á tapi vegna breytinga á markaðsvirði eigna og skuldbindinga byggt á sögulegum gögnum um flökt og vænta nafnvöxtun. Staðalfrávik er notað til að meta flökt/sveiflu eignasafna. Þess ber þó að geta að stór hluti skuldbréfa í eigu Stafa er metinn á kaupkröfu í árslok 2015.

Gjaldmiðlaáhætta

Samkvæmt áhættustefnu Stafa er gjaldrysisáhætta skilgreind sem hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking ISK) rýri erlendar eignir sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Þá er áhættan helst fólgin í gengisflökti ISK gagnvart öðrum myntum og samdreifni milli þeirra (e. covariance). Lífeyrissjóðurinn skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins, sbr. 6. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Verðbólguáhætta

Við mat á verðbólguáhættu er meðal annars greind næmni sjóðsins gagnvart verðbólgu. Verðbólguáhætta er sú hættu að verðtryggðar lífeyrisskuldbindingar hækki umfram 3,5% raunávöxtun eigna. Allar skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Sumar tegundir eigna hafa þó eiginleika óbeinnar verðtryggingar.

Við mat á verðbólguáhættu er fylgni eignaflokka borin saman við neysluverðs vísitölu og leggur sú greining grunninn að mati á fylgni eigna, skuldbindinga og umfremdar við vísitölu neysluverðs. Umfremd (e. surplus) er skilgreind sem eignir að frádregnum skuldbindingum. Orðið er notað hvort sem um er að ræða jákvæða eða neikvæða tryggingafræðilega stöðu. Reiknaðar eru sérstakar líkur þess að skerða þurfi réttindi vegna þess að hlutfall eigna fari niður fyrir 90% af skuldbindingum.

Miðað við verðbólguástandi eins og það var í lok árs 2015 veldur viðbótarþrósentustig 0,95% rýrnun á tryggingafræðilegri stöðu (umfremdar).

Ósamræmisáhætta

Ósamræmisáhætta er skilgreind sem hættan á ósamræmi í breytingum á mark-

aðsverði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar. Dæmi um áhættuþátt er verðtrygging. Lífeyrissjóðir eru verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Ýmsar eignir hafa þó eiginleika óbeinnar verðtryggingar. Álagspróf eða næmnipróf eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir í báðum tilvikum. Við álagspróf skal horft til undirliggjandi eigna í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum. Verðbólguáhætta og lífeyrstryggingaráhætta eru jafnframt tengd ósamræmisáhættu. Hálfárslega, eða með ársuppgjöri og hálfársuppgjöri, er stjórn sjóðsins upplýst um stöðu ósamræmisáhættu.

Í október 2015 hóf Fjármálaeftirlitið athugun á eigna- og skuldbindingajöfnuði samtryggingardeildar Stafa lífeyrissjóðs, m.t.t. líftíma eigna og skuldbindinga og hvernig sjóðurinn fylgist með og stýrir jöfnuði á milli eigna og skuldbindinga. Meðallíftími eigna er reiknaður fyrir eignir sbr. skuldbréf sem skila eigendum sínum tilteknu sjóðstreymi. Meðaltími getur verið reiknaður m.a. með Macaulay meðallíftíma (e. Macaulay duration) sem er jafnan mælikvarði á hversu lengi höfuðstóll skuldbréfs ásamt vöxtum og verðbólgu er að meðaltali bundinn í fjárfestingu. Því lengri sem meðaltími er, því næmara er verð skuldbréfs fyrir vaxtabreytingum. Meðallíftími skuldbindinga samtryggingardeildar er um 19 ár og meðallíftími eigna er um 9 ár. Við samsetningu á eignasafni sjóðsins er ekki eingöngu litið til eigna- og skuldbindingarjafnaðar sem skýrist meðal annars af takmörkuðu framboði á löngum verðtryggðum skuldbréfum, eins er mikilvægt að tekið sé tillit til annarra áhættuþátta. Til að sjóðurinn nái markmiðum sínum um ávöxtun og áhættudreifingu verður jafnframt að líta til fjárfestinga í öðrum eignaflokkum. Þannig er ekki hægt að ná fullkomnum jöfnuði milli eigna og skuldbindinga hjá sjóðnum, horfa verður til eiginleika í eignasafninu og hvernig sveiflur þess eru fyrirsjáanlegar með skuldbindingum. Sjóðurinn hefur skoðað næmni einstakra eignaflokka gagnvart verðtryggingu og þannig tileinkað sér fræði sem byggja á því að mögulega sé hægt að

búa til eignasafn sem hegðar sér eins og verðtrygging þó að eignirnar í safninu sjálfu séu ekki verðtryggðar með beinum hætti, sbr. hlutabréf. Mikilvægt er að hafa í huga að skuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar.

Við mótun fjárfestingarstefnu metur stjórn og fjárfestingaráð áhættuþol sjóðsins út frá greiningu á eigna- og skuldbindingajöfnuði með SaR mælikvarðanum (e. Surplus at Risk). Sú greining mælir líkur á að umframeignir verði lægri en tiltekið gildi miðað við ákveðið tímabil og ákveðin öryggismörk. Á svipaðan hátt er hægt að meta líkur á réttindaskerðingu með beinum hætti en hægt er að lýsa heildarmarkaðsáhættu lífeyrissjóða með SaR og líkum á réttindaskerðingu.

Auk þess hefur sjóðurinn sett upp reikniverk til að hafa til hliðsjónar um æskilega samsetningu skuldbréfa og hlutabréfa til að mæta áunnum réttindum sjóðfélaga. Forsendur reikniverksins byggja á því að skuldbindingum sé mætt með blöndu áhættusamra eigna s.s. hlutabréfa og áhættuminni eigna s.s. skuldbréfa og innlána þar sem litið er til aldursamsetningar sjóðfélaga með réttindi. Sem dæmi má nefna að til að mæta skuldbindingum yngri sjóðfélaga er ætlað hlutfall hlutabréfa hátt en hlutfallið lækkar með hækkanði aldri sjóðfélaga. Á móti yrði hlutfall skuldbréfa lægst fyrir unga sjóðfélaga en hæst fyrir þá eldri. Þannig að mismunandi aldursamsetning sjóðfélaga, byggt á áunnum réttindum, hefur áhrif á viðmið um eignasamsetningu samtryggingardeildar.

Undir fjárhagslega áhættu fellur einnig uppgreiðsluáhætta og áhætta vegna eigna og skuldbindinga utan efnahags.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er skilgreind sem hættan á að sjóðurinn hafi ekki nægilegt laust fé til að standa við nauðsynlegar greiðslur. Þá getur sjóðurinn orðið fyrir óvæntu útstreymi sem einnig getur haft áhrif. Laust fé er skilgreint sem óbundnar innistæður í bönkum og auðseljanleg innlend ríkisverðbréf með stuttum meðaltíma.

Undir lausafjáraáhættu flokkast seljanleikaáhætta og útstreymisáhætta.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er sú áhætta að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans. Með mótaðilaáhættu er átt við að útgefendur verðbréfa, svo sem lántakendur eða fyrirtæki, verði gjaldþrota eða hæfi mótaðilans til greiðslu versni verulega. Mótaðilaáhætta má skipta í undirflokkka en mikilvægasti þátturinn er útlánaáhætta, sem er hættan á greiðslufalli tiltekins skuldara og tapi sem af því getur orðið. Aldursgreining vanskila og breytinga á tryggingahlutföllum eru önnur dæmi um mat á útlánaáhættu. Útlánaáhætta tengd sjóðfélagalánunum getur til að mynda falist í því að mótaðili viðhaldi ekki veðandlagi eða rýri það með aðgerðaleyfi. Við mat á heildarmótaðilaáhættu skal meta mótaðilaáhættu stærstu útgefenda m.t.t. líkinda á greiðslufalli að einhverju eða öllu leyti. Meta skal áhættu sem fylgir stærstu útgefendum skuldabréfa eða útgefendum sem ástæða þykir til að vakta, hvort sem átt er við ríkisskuldabréf, skuldabréf útgefin af sveitarfélagi eða önnur skuldabréf. Auk þessa hefur sjóðurinn sett sér markmið og fylgist með útgefendaáhættu stærstu útgefenda innlendra hlutabréfa.

Undir mótaðilaáhættu fellur einnig samþjöppunaráhætta, landsáhætta, afhendingaráhætta og uppgjöraráhætta.

Lífeyristryggingaráhætta (skuldbindingaáhætta)

Með skuldbindingaáhættu er átt við þann ójfnuð sem getur skapast í áföllnum- og framtíðarskuldbindingum í hlutfalli við núverandi verðbréfaeign auk framtíðartekna iðgjalda.

Árlega skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997 og ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerð skal kveðið á um almennar tryggingafræðilegar forsendur. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu FME til slíks starfs, sbr. lög um váttryggingarstarfsemi. Fyrir 15. maí ár hvert skal senda FME tryggingafræðilega athugun.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meira en 5% samfellt í fimm ár. Undir þennan áhættuþátt fellur einnig álagspróf til FME.

Lífeyristryggingaráhætta er einn af aðal áhættuþáttum Stafa lífeyrissjóðs. Í skuldbindingaáhættu sameinast aðrir áhættuþættir í rekstri sjóðsins í eina heildaráhættu, þ.e.a.s. þá áhættu að sjóðurinn geti ekki staðið við það lögbundna hlutverk sitt, að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau og greiða til baka í formi lífeyris, í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Undir lífeyristryggingaráhættu fellur einnig skerðingaáhætta, iðgjaldaáhætta, umhverfisáhætta og lýðfræðileg áhætta.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta vegna taps sem stafar af ófullnægjandi eða ónothæfum innri verkferlum, mistökum starfsmanna, kerfum eða vegna ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða. Einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi Stafa er skipulag starfseminnar sem byggir á skilvirkum verklagsreglum. Til þess að lágmarka rekstraráhættu þurfa verklagsreglur að fela í sér eftirlitsaðgerðir sem eiga að vera óaðskiljanlegur hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Virkt innra eftirlitskerfi útheimtir viðeigandi eftirlitsskipulag með skilgreindum eftirlitsaðgerðum á öllum stigum starfseminnar. Þær þurfa að fela í sér yfirferð á æðsta stjórnunarstigi og viðeigandi eftirlitsaðgerðir fyrir mismunandi deildir eða svið svo sem athuganir á því hvort áhættu- markmið og viðmið séu virt, eftirfylgni vegna frávika frá reglum og athuganir á samþykktar- og afstemmingarkerfum. Mikilvægt er að starfsmenn og stjórnendur séu vel upplýstir um tilvist reglna og ferla sjóðsins og að þeim sé markvisst fylgt eftir.

Í nútíma rekstrarumhverfi íslenskra lífeyrissjóða reynir meira en áður á flókin úrlausnarefni þar sem fjárhagslegir hags-

munir eru meiri en áður var. Ábyrgð stjórnarmanna og starfsmanna hefur aukist í takt við vöxt lífeyriskerfisins. Þótt mannleg mistök séu óumflýjanleg miðast skipulag sjóðsins við að draga úr líkum á þeim eins og kostur er.

Eðli málsins samkvæmt koma innri og ytri endurskoðendur með fjölmargar ábendingar um hvernig mætti efla enn frekar innra eftirlit með starfseminni. Stafir lífeyrissjóður býr við öflugt innra skipulag þar sem stöðugt er unnið að endurbótum á verkferlum samkvæmt ábendingum innri endurskoðenda, stjórnarmanna og annarra eftirlitsaðila til þess að draga eins og kostur er úr rekstraráhættu Stafa.

Undir rekstraráhættu flokkast m.a. áhætta vegna svika sem er skilgreind sem hætta á svikum sem valda sjóðnum fjárhagslegu tjóni. T.d. gæti verið um svik starfsmanna eða peningþvætti að ræða. Aðskilnaður starfa og kerfislegar aðgangsstýringar eru dæmigerð viðbrögð við mögulegri sviksemi, afstemmingar á reikningum og almennri eignatölningu. Jafnframt er hluti af rekstraráhættu starfsmannaáhætta, pólitísk áhætta, áhætta vegna upplýsingatækni, orðsporsáhætta, skjalaáhætta, úrskurðaráhætta lífeyris, áhætta vegna útvistunar og upplýsingaráhætta.

Ávöxtun og skipting eignasafns Stafa lífeyrissjóðs

Hrein eign samtryggingar- og séreignardeildar Stafa lífeyrissjóðs, að viðbættum innlánum hjá fjármálastofnunum, var 140.847 milljónir króna í árslok 2015 samanborið við 124.567 milljónir króna í árslok 2014. Hún hækkaði því frá fyrra ári um 16.280 milljónir króna eða 13,1%.

Á árinu námu iðgjaldagreiðslur til sjóðsins 5.222 milljónum króna. Á móti var greiddur lífeyrir að fjárhæð 3.459 milljónir króna. Nettóinnflæði til sjóðsins nam því 1.763 milljónum króna á árinu.


Að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar og fjárfestingargjalda var nafnávöxtun allra eigna sjóðsins 11,7% á árinu sem samsvorar 9,5% raunávöxtun. Meðfylgjandi súlurit sýnir nafnávöxtun helstu eignaflokka verðbréfa og innlána fyrir samtryggingar- og séreignardeild Stafa á árinu 2015.

Í töflunni má sjá hlutfallslega skiptingu sameiginlegs eignasafns samtryggingar- og séreignardeildar sjóðsins 2014 og 2015.

Innlán hjá fjármálastofnunum lækkuðu um 0,7 prósentustig á þessu tímabili. Vægi innlendra skuldabréfa dróst saman um 3,8 prósentustig. Innlend hlutabréf voru 21,5% af vægi eignasafnsins í árslok 2015 á móti 16,7% í árslok 2014 og jukust því um 4,8 prósentustig, sem má að nær öllu leyti rekja til góðrar ávöxtunar. Nettófjárfestingar í þessum eignaflokki voru hlutfallslega ekki miklar eða samtals 568 milljónir kr.

Vægi erlendra verðbréfa jókst um 1,1 prósentustig á meðan vægi óhefðbundinna fjárfestinga minnkaði um 1,4 prósentustig.

Nafnávöxtun eignasafns Stafa 2015



Skipting eignasafns Stafa

	Í árslok 2015	Í árslok 2014
Innlán hjá fjármálastofnunum	5,9%	6,6%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	25,2%	29,0%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3,1%	3,6%
Skuldabréf og víxlar lánastofnana	3,5%	2,3%
Skuldabréf fyrirtækja	6,1%	6,3%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	13,0%	13,6%
Innlend hlutabréf	21,5%	16,7%
Skráð	16,4%	11,1%
Óskráð	5,1%	5,6%
Erlend verðbréf	14,8%	13,7%
Óhefðbundnar fjárfestingar	6,8%	8,2%
	100,0%	100,0%



DE-MY
49034
HT

007-3-10

Hinrik Valur Þorvaldsson, starfsmaður í vöruhúsi Samskipa.

Samskipta- og siðareglur

Gildandi samskipta- og siðareglur sjóðsins voru samþykktar í stjórn í maí 2016. Sjóðurinn setti sínar fyrstu reglur í október 2001 og þær hafa síðan þá verið endurskoðaðar reglulega. Árlega er farið yfir og metin þörf á endurskoðun regnanna og sú vinna er nú í gangi hjá stjórn.

Meginhlutverk sjóðsins er að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau, greiða út lífeyri og veita sjóðfélögum góða þjónustu. Í þeim tilgangi að sinna því hlutverki sem

best hefur stjórn lífeyrissjóðsins samþykkt samskipta- og siðareglur sem gilda fyrir starfsmenn og eftir atvikum stjórnarmenn. Stjórn sjóðsins og starfsmenn gera sér ljósa þá ábygd sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum sjóðfélaga. Markmið með samskipta- og siðareglum lífeyrissjóðsins er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum. Meðal þess sem reglurnar taka til er að stjórnarmönnum og starfsmönnum beri að forðast hvers konar

hagsmunaárekstra milli starfa sinna og annarra athafna eða tengsl við utanaðkomandi aðila, meðferð trúnaðarupplýsinga, starfstengdar ferðir og boðsferðir, reglur er varðar gjafir eða boð frá þjónustuaðilum eða viðskiptavinum sjóðsins. Brot á reglunum geta varðar áminningu eða uppsögn.

Hægt er að nálgast afrit af gildandi reglum á heimasíðu lífeyrissjóðsins.



Alexander Magnússon framreiðslunemi þjónar gestum til borðs í veislu sem efnt var til og var hluti útskriftarverkefnis verðandi kokka og þjóna í Menntaskólanum í Kópavogi.

Lög og reglur

Stafir lífeyrissjóður starfar eftir lögum nr. 12/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem samþykkt voru á Alþingi og tóku gildi 1. janúar 1997, með síðari breytingum. Lífeyr-

issjóðir starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við gildandi ákvæði laga, reglugerða og settra

reglna. Á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins og Alþingis má sjá yfirlit yfir lög, reglur og leiðbeinandi tilmæli sem við koma starfsemi lífeyrissjóða og eru nokkrar nefndar hér.

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Lög nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa.
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga.
- Lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.
- Lög nr. 33/2013 um neytendalán.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum.

Sjóðurinn hefur einnig sett sjálfum sér m.a. eftirfarandi reglur:

- Reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.
- Reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.
- Reglur nr. 685/2001 um endurskoðun lífeyrissjóða.
- Reglur nr. 180/2013 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða.
- Reglugerð nr. 991/2014 um samræmt verklag við ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2013 um áhættustýringu (eftirlitsskerfi) samtryggingardeilda lífeyrissjóða.
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2003 um túlkun og framkvæmd reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd.
- Samþykktir.
- Starfsreglur stjórnar.
- Áhættustefna.
- Eigendastefna.
- Reglur endurskoðunarnefndar.
- Reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Reglur um eftirlit og eftirfylgni með ávöxtun eigna.
- Reglur um fjárfestingar.
- Reglur um hæfi lykilstarfsmanna.
- Reglur um innheimtu.
- Reglur um lánveitingar.
- Reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar.
- Reglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga.
- Samskipta- og siðareglur.
- Starfsreglur kjörnefndar.
- Öryggisstefna.

Regluvarsla

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs ber á grundvelli 5. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda að setja sjóðnum reglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Gildandi reglur eru byggðar á leiðbeinandi verklagsreglum Landssamtaka lífeyrisjóða um víðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðs með fjármálagerninga og skulu endurskoðaðar reglulega. Stjórn sjóðsins skipar regluvörð til að stuðla að fylgni við reglurnar og svo að leita megi til hans eftir ráðgjöf og leiðbeiningum í tengslum við þær lagakröfur sem gerðar eru til sjóðsins sem fagfjárfestis á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Á síðustu árum hefur lögmannstofan ADVEL gegnt stöðu regluvarðar fyrir sjóðinn á grundvelli sérstaks erindisbréfs. Tilgreindur lögmaður ADVEL annast allt það sem regluvörslu tengist í samstarfi við forstöðumann áhættustýringar sjóðsins. Regluvörður annast nánar tiltekið þau störf sem falla undir lög og reglugerðir sem Stafir þurfa að hlíta sem fjárfestir á markaði. Regluvörður nýtur sjálfstæðis í störfum sínum og er ráðinn af stjórn sjóðsins. Á reglulegum fundum regluvarðar með framkvæmdastjóra og yfirmanni áhættustýringar sjóðsins er farið yfir reglur, verklag og ferla og þau mál, sem upp koma, hverju sinni rædd og yfirfarin. Regluvörður

veitir stjórn árlega skýrslu um störf sín á liðnu ári eða oftar ef ástæða gefst til.

Aðalverkefni regluvörslu sjóðsins er að hafa eftirlit með því að gildandi reglum Stafa um víðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sjóðsins með fjármálagerninga, eins og þær eru á hverjum tíma, sé framfylgt. Þá skal regluvörður hafa eftirlit með því að Stafir starfi í samræmi við þær reglur sem um starfsemina gilda og lúta að víðskiptum með skráða fjármálagerninga.

Hlutverk regluvarðar er m.a. eftirfarandi:

- Eftirlit með víðskiptum starfsmanna skv. skráðu verklagi og reglunum.
- Utanumhald og tilkynningar vegna tilkynningarskyldra víðskipta stjórnarmanna og þeirra starfsmanna sem reglurnar taka til.
- Eftirlit með uppfærslu lista yfir hagsmunatengda aðila.
- Eftirlit með skráningu stjórnar- og starfsmanna sem innherja eða fjárhagslega tengda aðila hjá útgefendum.
- Samskipti, miðlægt eftirlit og skýrslugjöf vegna regluvörslu Stafa.
- Fræðsla til starfsmanna og stjórnarmanna eins og þörf krefur innan þess lagaramma sem félaginu er settur.
- Ráðgjöf gagnvart stjórnendum og öðrum starfsmönnum, sem koma að verðbréfavíðskiptum sjóðsins, varðandi mat á innherjaupplýsingum.



Steinþór Sigurðsson matreiðslunemi í kennslueldhúsi Menntaskólans í Kópavogi. Hann starfar á veitingastaðnum Lækjarbrekku.



Ársreikningur 2015

STAER
LÍFEYRISSJÓÐUR



Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar48

Áritun óháðra endurskoðenda..... 50

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2015	51
Efnahagsreikningur 31. desember 2015	52
Sjóðstreymi 2015	53
Skýringar	54-65
Kennitölur	66-68
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2015	69
Efnahagsreikningur 31. desember 2015	70
Sjóðstreymi 2015	71
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2015	72
Efnahagsreikningur 31. desember 2015	73
Sjóðstreymi 2015	74
Yfirlit um breytingu á eign til greiðslu lífeyris 2015.....	75
Efnahagsreikningur 31. desember 2015	76
Sjóðstreymi 1. janúar - 31. desember 2015.....	77

Skýrsla stjórnar

Starfsemi Stafa

Stafir lífeyrissjóður starfar á grundvelli samþykktar og samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Rekstrarsaga Stafa og þeirra sjóða sem mynduðu sjóðinn með samruna árið 2006 nær aftur til 1939 þegar Samvinnulífeyrissjóðurinn var stofnaður. Einnig starfar sjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarfélagar og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995. Aðild að Stöfum eiga þau aðildarfyrirtæki sem áttu aðild að Samvinnulífeyrissjóðnum, Rafiðnaðarsamband Íslands, Matvæla- og veitingafélagi Íslands, Samtök rafverktaka og Samtök ferðaþjónustunnar. Hlutverk Stafa er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000 og lög um ársreikninga. Nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða tóku gildi 11. mars 2015. Samkvæmt 52. grein þeirra reglna eiga þær að koma til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2015. Í 52. gr. a. er lífeyrissjóðum heimilað að vinna ársreikninga vegna reikningsskilaársins 2015 í samræmi við reglur nr. 55/2000. Lífeyrissjóðurinn Stafir nýtir sér þá heimild.

Sjóðfélagar og iðgjöld

Sjóðurinn starfar í tveimur aðalmeildum, samtryggingardeild og séreignardeild. Um áramót áttu 57.931 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Á árinu 2015 greiddu 8.938 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar og 2.003 launagreiðendur. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 7.429. Á árinu 2015 námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 4.937 m. kr. Í árslok 2015 áttu 17.761 einstaklingar réttindi í séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild á árinu 2015 voru 1.097. Á árinu 2015 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar 285 m.kr. sem er hækkun um 18% frá fyrra ári.

Lífeyrisgreiðslur

Á árinu 2015 nutu 5.273 lífeyrisþegar greiðslna út samtryggingardeild að fjárhæð 3.300 m.kr. sem er hækkun um 6,9% á milli ára. Lífeyrisþegum fjölgaði um 7,6% á árinu eða um 371. Greiðslur úr séreignardeild námu um 159 m.kr. samanborið við 299 milljónir árið áður. Tímabundin heimild til útborgunar séreignar fyrir 60 ára aldurs féll niður þann 1. janúar 2015.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins hefur farið fram miðað við árslok 2015. Helstu niðurstöður eru þær að staða sjóðsins í heild gagnvart áföllnum skuldbindingum er neikvæð um 3,1%. Að viðbætti framtíðarskuldbindingu er hún hins vegar jákvæð um 0,4%. Á ársfundi Stafa 2013 var samþykkt að lækka áunnin

réttindi þannig að fullt jafnvægi náist á milli eigna og skuldbindinga á fjórum árum. Réttindi Stafa hafa verið lækkuð um 6,5% í tveimur áföngum en góð ávöxtun árið 2015 leiðir af sér að ekki þarf að lækka réttindi í þriðja áfanga þar sem tryggingafræðileg staða áfallina skuldbindinga batnar um 5,1 prósent á milli ára.

Ávöxtun eigna

Nafnávöxtun eigna 2015 var 11,9% en hrein raunávöxtun nam 9,7%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er 6,0% og 0,8% síðustu tíu árin. Við útreikning á sögulegri ávöxtun er meðalávöxtun sameinaðra sjóða lögð til grundvallar. Ávöxtun einstakra deilda er sýnd í kennitölum í skýringum við ársreikning. Sjóðfélögum stendur til boða að velja um 3 séreignarleiðir sem hafa skilað mismunandi ávöxtun, allt eftir samsetningu og áhættu.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2015 var 157,9 m.kr. og hækkaði um 1,3% milli ára. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,11% en 0,13% árið áður. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum var 3,1% samanborið við 3,2% árið áður. Sjóðurinn skiptir kostnaði samkvæmt reglum FME upp í rekstrarkostnað og fjárfestingagjöld. Meðalfjöldi starfsmanna hjá sjóðnum á árinu var 11,9 samanborið við 13,1 árið áður og námu launagreiðslur til stjórnar og framkvæmdastjóra 31,5 m.kr., sjá nánar skýringu nr. 5.

Fjárfestingar

Starfsemi sjóðsins á árinu 2015 greinist í samtryggingardeild og séreignardeild sem taka við iðgjöldum í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 134.984 m.kr. samanborið við 119.088 m.kr. árið áður sem er hækkun um 13,3% á milli ára. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 5.863 m.kr. samanborið við 5.478 m.kr. árið áður sem er hækkun um 7% á milli ára. Á liðnu ári var 31.154 m.kr. ráðstafað til verðbréfakaupa og lánveitinga í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins. Keypt voru skuldabréf fyrir 12.717 m.kr. Afborganir og sala skuldabréfa námu 13.879 m.kr. Keypt voru verðbréf með breytilegum tekjum á síðasta ári að fjárhæð 15.343 m.kr. og seld fyrir 12.239 m.kr. Ný veðlán og kaup á öðrum veðskuldabréfum námu 3.027 m.kr.

Áhættustýring

Stjórn sjóðsins samþykkti áhættustefnu fyrir sjóðinn. Markmið með áhættustýringu Stafa lífeyrissjóðs er að minnka líkur á skerðingu á réttindum sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Áhætta í starfseminni er skilgreind í samræmi við skilgreiningu í leiðbeinandi tilmælum FME.

Skipulag og stjórnun Stafa

Stöðugt er unnið að því að efla skipulag og rekstur Stafa með það að markmiði að auka rekstraröryggi. Stjórn Stafa fær reglulega ítarlega skýrslu framkvæmdastjóra um rekstur og efnahag þar sem öll viðskipti eru tilgreind. Aðgreining starfa er skýr og sjóðurinn býr við öflugt eftirlit ytri endurskoðanda, E&Y, og innri endurskoðanda, KPMG. Þessir aðilar vinna sjálfstætt og hafa skoðað sjóðinn og rekstur hans fyrir árið 2015 og skilað stjórn skýrslu þar um. Þá er þriggja manna endurskoðunarnefnd starfandi sem skipuð er tveimur einstaklingum óháðum stjórn og einum stjórn


armanni sem yfirfara vinnubrögð endurskoðanda og vinna náð með innri endurskoðanda að því að efla eftirlit með rekstri enn frekar. Þá starfar fyrir stjórn sérstakur regluvörður sem hefur eftirlit með verðbréfiðskiptum stjórnar- og starfsmanna.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar komi fram í ársreikningnum sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árlok og afkomu á árinu 2015. Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning lífeyrissjóðsins Stafa fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík 7. apríl 2016




Jakob Tryggvason
formaður



Anna Guðný Aradóttir
varaformaður




Davíð Hafsteinsson




Drífa Sigurðardóttir



Guðrún Elva Hjörleifsdóttir




Ingibjörg Ólafsdóttir



Svavar Jón Bjarnason



Viðar Örn Traustason



Ólafur Sigurðsson
framkvæmdastjóri



Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Stöfum lífeyrissjóð

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Stafa lífeyrissjóðs fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík 7. apríl 2016



Jóhann Unnsteinsson
lökkiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2015

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeildar

Iðgjöld	Skýr.	2015	2014
Iðgjöld sjóðfélaga		1.764.332.262	1.627.525.444
Iðgjöld launagreiðenda		3.457.520.467	3.261.549.886
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(21.228.355)	(37.784.886)
Ráðstöfun iðgjalda í séreign samkvæmt lögum nr. 40/2014		(119.543.196)	(11.120.050)
Örorkuframlag frá ríkinu		78.746.415	74.805.339
		<u>5.159.827.593</u>	<u>4.914.975.733</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir		3.458.289.787	3.386.315.606
Umsjónarnefnd eftirlauna		(766.928)	(1.240.926)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		1.601.467	4.192.519
Iðgjald til starfsendurhæfingarsjóðs		51.860.860	48.729.537
	2	<u>3.510.985.186</u>	<u>3.437.996.736</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	3	10.057.834.500	5.307.345.154
Vaxtatekjur og gengismunur	3	4.916.095.441	3.848.629.180
Breytingar á niðurfærslu	3	(58.238.765)	694.740.087
Aðrar fjárfestingartekjur	4	59.646.371	35.737.240
		<u>14.975.337.547</u>	<u>9.886.451.661</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	128.673.313	127.072.398
Önnur fjárfestingargjöld	4	57.498.872	46.962.122
		<u>186.172.185</u>	<u>174.034.520</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	157.904.222	155.939.626
		<u>157.904.222</u>	<u>155.939.626</u>
Hækkun á hreinni heildareign sjóðfélaga		16.280.103.547	11.033.456.512
Hrein heildareign sjóðfélaga frá fyrra ári		<u>124.567.227.485</u>	<u>113.533.770.973</u>
Hrein heildareign sjóðfélaga til greiðslu lífeyris		<u>140.847.331.032</u>	<u>124.567.227.485</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeildar

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Fjárfestingar			
Húseignir og lóðir	6	<u>143.563.707</u>	<u>117.008.677</u>
		<u>143.563.707</u>	<u>117.008.677</u>

Aðrar fjárfestingar

Verðbréf með breytilegum tekjum	6	60.626.631.508	48.304.914.070
Verðbréf með föstum tekjum	7	52.463.080.989	50.577.777.264
Veðlán	8	17.791.467.337	16.955.605.159
Innlánsdeildainnstæður	9	124.067.955	117.225.161
Bankainnstæður	10	2.368.150.579	2.335.050.294
Aðrar fjárfestingar	11	<u>718.345.667</u>	<u>885.261.570</u>
		<u>134.091.744.035</u>	<u>119.175.833.518</u>

Kröfur

Kröfur á launagreiðendur		510.946.131	497.898.382
Aðrar kröfur		<u>488.340.136</u>	<u>431.670.381</u>
		<u>999.286.267</u>	<u>929.568.763</u>

Aðrar eignir

Rekstrarfjármunir	12	18.898.231	16.379.535
Sjóður og veltiinnlán	10	<u>5.784.766.942</u>	<u>5.089.835.190</u>
		<u>5.803.665.173</u>	<u>5.106.214.725</u>

Eignir

141.038.259.182 125.328.625.683

Skuldir

Skammtímaskuldir		<u>190.928.150</u>	<u>761.398.198</u>
		<u>190.928.150</u>	<u>761.398.198</u>

Hrein heildareign sjóðfélaga til greiðslu lífeyris

140.847.331.032 124.567.227.485

Hrein heildareign sjóðfélaga til greiðslu lífeyris greinist

Sameignarsjóður.....		134.984.120.154	119.088.683.847
Séreignarsjóðir.....		<u>5.863.210.878</u>	<u>5.478.543.638</u>
		<u>140.847.331.032</u>	<u>124.567.227.485</u>

Aðrar upplýsingar

Skuldbindingar utan efnahags.....	13		
Tryggingafræðilegt mat.....	14		

Sjóðstreymi 2015

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeildar

Inngreiðslur	Skýr.	2015	2014
Iðgjöld		5.160.993.216	4.909.651.037
Fjárfestingartekjur		4.309.599.537	4.570.235.087
Afborganir verðbréfa		4.651.501.502	4.901.174.943
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		12.239.089.233	11.331.068.106
Seld verðbréf með föstum tekjum		9.756.006.330	3.148.982.381
Seldar aðrar fjárfestingar / fullnustueignir		243.388.842	711.331.014
Aðrar inngreiðslur		0	8.745.993
		<u>36.360.578.660</u>	<u>29.581.188.561</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		3.508.750.537	3.451.567.319
Fjárfestingargjöld		184.513.554	167.273.606
Rekstrarkostnaður		155.947.272	158.155.128
Aðrar útgreiðslur		448.232.547	(270.153)
		<u>4.297.443.910</u>	<u>3.776.725.900</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>32.063.134.750</u>	<u>25.804.462.661</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		15.343.545.702	14.982.101.975
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		12.717.140.620	10.191.407.404
Ný veðlán og útlán		3.026.964.704	2.582.754.126
Hækkun/(lækkun) banka- og innlánsdeildainnstæðna		33.100.285	(22.469.144)
Aðrar fjárfestingar / fullnustueignir		213.598.941	154.126.991
Varanlegir rekstrarfjármunir		33.852.746	0
		<u>31.368.202.998</u>	<u>27.887.921.352</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum		694.931.752	(2.083.458.691)
Sjóður og veltiinnlán í byrjun árs		5.089.835.190	7.173.293.881
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>5.784.766.942</u>	<u>5.089.835.190</u>

*Framsetningu vaxtatekna í sjóðstreymi var breytt. Innborgaðar vaxtatekjur af skuldabréfum eru nú sýndar á meðal fjárfestingatekna en voru áður sýndar með afborgunum verðbréfa. Í töflunni hér að neðan sést breyting samanburðarfjárhæða frá áður samþykktum ársreikningi

	Fjárfestingatekjur	Afborganir verðbréfa
Samanburðarfjárhæð vegna 2014	4.570.235.087	4.901.174.943
Samkvæmt áður samþykktum ársreikningi 31.12.2014	<u>1.629.416.835</u>	<u>7.841.993.195</u>
Mismunur	<u>2.940.818.252</u>	<u>(2.940.818.252)</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 55/2000 og lög um ársreikninga. Nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða tóku gildi 11. mars 2015. Samkvæmt 52. grein þeirra reglna eiga þær að koma til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2015. Í 52. gr. a. er lífeyrissjóðum heimilað að vinna ársreikninga vegna reikningsskilaársins 2015 í samræmi við reglur nr. 55/2000. Lífeyrissjóðurinn Stafir nýtir sér þá heimild

Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint. Erlendar eignir sjóðsins eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands í árslok.

Við samningu reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg niðurstaða t.d. við innlausn eða sölu þeirra liða, sem tengjast matinu, getur hins vegar orðið önnur en niðurstaða samkvæmt matsaðferðunum.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

Við mat á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum er leitast við að meta virði einstakra krafna í vanskilum út frá fyrirliggjandi upplýsingum um viðkomandi kröfur. Við niðurfærslu krafna í heild eru kröfur hins vegar færðar niður um tiltekna prósentu.

1.2 Húseignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir

Húseign sjóðsins og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á framreiknuðu stofnverði að frádregnum framreiknuðum árlegum afskriftum eins og það stóð í árslok 2001. Viðbætur þessara eigna eftir árið 2002 eru færðar á óframreiknuðu kostnaðarverði.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Fasteignir eru afskrifaðar um 2% og aðrar eignir um 10 - 33%. Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

1.3 Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán.

Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf með föstum vöxtum eða tiltekinni vaxtaviðmiðun. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru eignfærðar á því gengi sem síðast var skráð á tímabilinu. Verðtryggðar eignir eru eignfærðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2016. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna eru færðar í rekstrarreikningi.

Skuldabréf eru eignfærð í lok tímabils miðað við virka vexti og ávöxtunarkröfu þegar kaupin fóru fram, að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Skýringar

Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Eignarhlutir í félögum sem skráð eru á aðallista og vaxtarlista í kauphöllum eru eignfærðir á markaðsverði. Eignarhlutir í óskráðum hlutabréfum eru færðir til eignar m.v. kostnaðarverð eða áætlað markaðsverð, hvort sem lægra reynist. Hlutdeildarskírteini eru eignfærð á skráðu markaðsgengi í árslok.

Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

1.4 Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar eru fullnustueignir. Það eru eignir sem sjóðurinn hefur þurft að leysa til sín vegna vanskila lántakenda. Fullnustueignir eru metnar á kostnaðarverði eða markaðsverði hvort sem lægra er.

1.5 Iðgjaldakröfur

Í lok desember eru áætluð útistandandi iðgjöld sem færð eru til tekna og eignar. Áætlunin byggir á reynslu fyrri ára vegna innheimtu iðgjalda.

1.6 Útreikningur ávöxtunar

Við útreikning ávöxtunar samstæðu, það er sameiginlegum ársreikningi samtryggingadeildar og séreignadeilda, er beitt meðaltalsaðferð samkvæmt reglum um gerð ársreikninga lífeyrissjóða.

Við útreikning ávöxtunar séreignaleiða er aftur á móti notað daggengi fjárfestingaleiða.

2. Lífeyrir

	2015	2014
Greiddur lífeyrir greinist þannig:		
Eftirlaunalífeyrir	2.411.299.712	2.230.290.835
Örorkulífeyrir	542.210.501	537.341.136
Makalífeyrir	303.777.060	289.980.533
Barnalífeyrir	42.232.480	29.628.670
Séreignarlífeyrir	158.770.034	299.074.432
	3.458.289.787	3.386.315.606
Umsjónarnefnd eftirlauna	(766.928)	(1.240.926)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	1.601.467	4.192.519
Iðgjald til starfsendurhæfingarsjóðs	51.860.860	48.729.537
	52.695.399	51.681.130
	3.510.985.186	3.437.996.736



Skýringar

3. Fjárfestingartekjur

	2015	2014
Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:		
Af innlendum verðbréfum	8.437.755.001	1.837.202.253
Af erlendum verðbréfum	1.636.091.300	3.575.468.685
Framvirkir gengissamningar vegna erlendra verðbréfa	(16.011.801)	(105.325.784)
	<u>10.057.834.500</u>	<u>5.307.345.154</u>
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur sundurliðast þannig:		
Verðbréf með föstum tekjum	3.719.553.292	2.855.262.206
Veðlán	984.742.575	648.491.575
Bankainnstæður	179.286.945	331.973.140
Dráttarvextir af iðgjöldum	16.537.652	17.236.124
Lántökugjöld o.fl.	6.969.371	3.217.989
Aðrar vaxtatekjur	9.005.606	(7.551.854)
	<u>4.916.095.441</u>	<u>3.848.629.180</u>
Breytingar á niðurfærslu		
Niðurfærsla verðbréfa og annarra eigna 1/1	6.582.832.502	8.794.799.538
Söluhagnaður (tap) vegna fullnustueigna	(8.026.944)	15.817.748
Breytingar á niðurfærslu	58.238.765	(694.740.087)
Afskrifað á tímabilinu	<u>(1.789.433.573)</u>	<u>(1.533.044.697)</u>
Niðurfærsla verðbréfa og annarra eigna 31.12	<u>4.843.610.750</u>	<u>6.582.832.502</u>
Sundurliðun breytingar á niðurfærslu		
Erlend skuldabréf	(84.359.277)	68.250.735
Fyrirtækjaskuldabréf	160.147.235	116.887.346
Skuldabréf á fjármálastofnanir sem misst hafa starfsleyfi	4.887.126	(777.118.603)
Sjóðfélagalán	(50.701.055)	(6.411.561)
Önnur fasteignaveðlán	16.656.440	(141.002.021)
Iðgjöld	124.666	516.290
Fullnustueignir	<u>11.483.630</u>	<u>44.137.727</u>
	<u>58.238.765</u>	<u>(694.740.087)</u>

Þóknanir

Þóknanir til verðbréfafyrirtækja skiptast í viðskiptaþóknanir og eignastýringarþóknanir. Eignastýringarþóknanir eru reiknaðar sem hlutfall af eignum í stýringu og eru mismunandi milli þjónustuaðila. Umsýslu- og vörsluþóknun vegna sérgreindra verðbréfasafna í stýringu námu 80,4 milljónum króna á árinu 2015. Viðskiptaþóknanir vegna beinna viðskipta sjóðsins á markaði námu 76,1 milljónum króna á árinu.

Stafir lífeyrissjóður verður fyrir óbeinum kostnaði sem fjárfestir í fjölmörgum verðbréfa- og framtakssjóðum. Slíkir sjóðir reikna umsýsluþóknun, greiða viðskiptaþóknanir og færa annan kostnað á sjóðina og reikna inn í gengi þeirra. Samanlagður heildarkostnaður vegna þessa er áætlaður 302,8 milljónir króna og nemur það um 1,1% af eign Stafa í umræddum sjóðum.

Í þeim tilvikum þegar heildarkostnaður liggur ekki fyrir eru kostnaðartölurnar áætlaðar.

Skýringar

4. Tekjur og gjöld af öðrum fjárfestingum

	2015	2014
Aðrar fjárfestingartekjur		
Tekjur vegna fullnustueigna	59.646.371	35.737.240
Önnur fjárfestingargjöld		
Gjöld vegna fullnustueigna	54.482.028	27.358.900
Vaxtagjöld	3.016.844	19.603.222
	<u>57.498.872</u>	<u>46.962.122</u>

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Rekstrarkostnaður sjóðsins greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld	157.958.936	157.303.882
Aðkeypt þjónusta	47.685.222	48.604.469
Tölvukostnaður	44.247.979	39.468.912
Eftirlitsgjöld FME	12.412.000	11.423.000
Umboðsmaður skuldara	2.456.826	3.501.817
Annar kostnaður	21.816.572	22.709.944
	<u>286.577.535</u>	<u>283.012.024</u>

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður skiptist þannig:		
Fjárfestingargjöld	128.673.313	127.072.398
Rekstrarkostnaður	157.904.222	155.939.626
	<u>286.577.535</u>	<u>283.012.024</u>

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun starfsmanna	111.377.909	115.173.081
Laun stjórnarmanna	11.780.480	9.794.502
Laun endurskoðunarnefndar	3.195.800	2.912.005
Launatengd gjöld	31.604.747	29.424.294
	<u>157.958.936</u>	<u>157.303.882</u>

Laun og tengd gjöld skiptast skv. 10. og 11. gr. reglna FME nr. 55/2000 á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar í rekstraryfirliti.

Starfsmenn sjóðsins voru að meðaltali 11,9 á árinu.



Skýringar

Starfskjör stjórnenda

Launagreiðslur til stjórnar, endurskoðunarnefndar, framkvæmdastjóra og millistjórnenda greinast þannig:

	2015	2014
Stjórn:		
Anna Guðný Aradóttir, varaformaður	1.869.800	1.724.000
Davíð Hafsteinsson, stjórnarmaður	1.088.900	795.000
Drífa Sigurðardóttir, stjórnarmaður	1.088.900	862.000
Guðmundur Gunnarsson, varaformaður	815.807	1.293.000
Guðrún Elva Hjörleifsdóttir, stjórnarmaður	1.088.900	1.112.000
Ingibjörg Ólafsdóttir, stjórnarmaður	1.088.900	862.000
Jakob Tryggvason, formaður	1.704.900	862.000
Svavar Jón Bjarnason	646.033	0
Viðar Örn Traustason, stjórnarmaður og form. endursk.nefndar	1.088.900	862.000
Varamenn	1.299.440	1.422.500
	<u>11.780.480</u>	<u>9.794.500</u>
Endurskoðunarnefnd:		
María Sólbergdóttir	385.000	0
Rúnar Bachmann	797.000	728.000
Viðar Örn Traustason, formaður	1.601.800	1.456.000
Þorsteinn Gunnarsson	412.000	435.502
Ólafur Gísli Sveinbjörnsson	0	292.505
	<u>3.195.800</u>	<u>2.912.007</u>
Ólafur Sigurðsson, framkvæmdarstjóri 1)	19.712.282	17.417.707
Aðstoðarframkvæmdastjóri, sjóðstjóri og áhættustjóri	40.198.895	37.339.510

1) Hluti af launum framkvæmdastjóra er bifreiðastyrkur kr. 4.168.033 til að mæta útlögðum kostnaði vegna notkunar eigin bifreiðar í þágu sjóðsins. Kr. 1.766.933 af bifreiðastyrk framkvæmdastjóra á árinu er vegna leiðréttingar á fyrri árum. Notast er við útreikninga ferðakostnaðarnefndar ríkisins við mat á kílómetragjaldi. Auk ofangreindra launa fékk framkvæmdastjóri greitt kr. 490.000 fyrir nefndarstörf á vegum landsamtaka lífeyrissjóða og kr. 1.650.000 fyrir setu í tveimur stjórnnum sem hann var tilnefndur í af hálfu lífeyrissjóðsins. Launin voru greidd af Jarðvarma slhf. og Fí fasteignafélagi.

	2015	2014
Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins sundurliðast þannig:		
Endurskoðun, könnun og önnur staðfestingarvinna	<u>9.770.550</u>	<u>6.909.344</u>
Þóknun til innri endurskoðanda sjóðsins sundurliðast þannig:		
Innri endurskoðun	<u>2.627.335</u>	<u>3.306.550</u>
Þóknun til tryggingastærðfræðings sjóðsins sundurliðast þannig:		
Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu	3.062.800	2.472.350
Önnur þjónusta	729.120	150.600
	<u>3.791.920</u>	<u>2.622.950</u>

Skýringar

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

	Nafn- verð	Eignar- hlutdeild	Bókfært verð
Hlutabréf skráð á aðallista Kauphallar Íslands			
Icelandair Group Holding hf.	187.228.434	3,74%	6.627.886.564
Marel hf.	17.775.650	2,42%	4.506.127.275
Össur hf.	5.605.355	1,26%	2.662.543.625
Eik fasteignafélag hf.	236.191.281	6,82%	1.877.720.684
Hagar hf.	30.231.148	2,58%	1.354.355.430
N1 hf.	20.394.283	5,83%	1.060.502.716
Nýherji hf.	35.849.960	7,97%	663.224.260
Eimskip hf.	2.531.156	1,27%	596.087.238
Síminn hf.	141.845.186	1,47%	513.479.573
